





TÍMAMÓT Miðstöð Sri Chinmoy heldur upp á fjórutíu ára afmæli sitt í dag. 12



LÍFIÐ Hljómsveitin Allir, þau Pétur, Póra og Heiðar, sendi nýverið frá sér sitt fyrsta lag. 22



SPORT Gunnar Nelson olli aðdáendum sínum ekki vonbrigðum í Dublin. 34

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

21. júlí 2014
169. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Vill heilsugæsluna aftur

Heilbrigðisráðherra vill að ríkið taki aftur við rekstri heilsugæslunnar á Akureyri. 8

Á ferð og flugi Hrólfur Vagnsson ferðast heimshorna á milli með armensku hljómsveitinni Kohar. 2

Eitt sinn skáti Búist er við átta þúsund gestum á Landsmót skáta sem nú stendur yfir. 2

Virkja allt nema fossinn Framkvæmdir hefjast fljótlega við að reisa rafveitu og vatnsveitu við Dettifoss. 4

Sameining Stofnuð var sjálfseignarstofnun vegna sameiningar þriggja menningarstofnana á Akureyri. 8



Bolungarvík	11°	NA	3
Akureyri	16°	SV	2
Egilsstaðir	20°	SV	5
Kirkjubæjarkl.	14°	SA	2
Reykjavík	15°	SA	3

Víða skýjað en bjart að kalla A- og NA-lands. Hæg breytileg eða suðlæg, 2-10 m/s og hiti víða 10-22 stig. Skúrur með köflum S-lands 4

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Langtímaatvinnuleysi mest hjá eldri konum

Um helmingur þeirra sem eru án atvinnu hafa verið það í meira en hálf t. á. Konum yfir fimmtugt reynist erfitt að finna nýtt starf missi þær vinnuna.

„Því lengur sem fólk er atvinnulaust, því erfiðara getur reynt að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Því er ráðgjöf, vinnumarkaðsaðgerðir og starfsendurhæfing mikilvægur þáttur í þjónustu við atvinnulausa,“ segir Karl Sigurðsson, vinnumarkaðssérfræðingur hjá Vinnumálastofnun.

500 konur yfir fimmtugu eru án atvinnu til lengri tíma.

Karl segir að konum sem orðnar eru fimmtugar eða eldri reynist sérstaklega erfitt að finna

nýja vinnu missi þær vinnuna. Nú eru rúmlega 500 konur fimmtugar eða eldri skilgreindar langtímaatvinnulausar, þar af hafa rúmlega 330 verið á atvinnuleysisskrá í meira en ár. Karlarnir eru talsvert færri, nú eru um 400 karlar eldri en fimmtugir skráðir langtímaatvinnulausir. - jme/ sjá síðu 6



LÉT REYNA Á POLINMÆÐINA „Það er alltaf gaman í fótbolta – hvort sem það er að spila, þjálfva eða dæma,“ segir fyrirverandi landsliðsryrliðinn Edda Garðarsdóttir. Hún dæmdi leik Fjölnis og Hamranna í 1. deild kvenna í knattspyrnu í gær. Fáheyrnt er að fyrirverandi landsliðskonur og -menn dæmi leiki í efstu deildum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Stemningin var rosaleg: Tók tíma að lesa Cummings

ÍPRÓTTIR „Ég vissi að þetta væri reyndur glímumaður og það sýndi sig. Hann vissi vel hvað hann var að gera og varðist vel. Hann hélt mér frá sér og það tók mig tíma að lesa í hann. Ég pressaði hann meira í annarri lotu og þá kom þetta. Það hefði verið gott að klára fljótt en það sem er mikilvægara er að klára bardaga örugglega. Ég passa upp á að fara ekki of geyst,“ segir Gunnar Nelson eftir bardagann á laugardag.



Stemningin í 02 Arena var hreint rosaleg og vanir menn sögðust aldrei hafa upplifað aðra eins stemningu. Er Conor McGregor vann lokabardagann sturlaðist allt og menn fleygðu björglósunum upp í loft. hbg/ sjá síðu 34



SMEKKMAÐUR Ólafur Örn Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjór í Fóg- og Fátöngum: Matarhátíð alla laugardaga

FÓLK „Hugmyndin er að fólk geti komið og sest niður,“ segir matreiðslumaðurinn Ólafur Örn Ólafsson. Hann er einn þeirra sem standa að matarhátíð í Fóg- og Fátöngum og hefst hún á laugardag.

Hátíðin fer fram milli klukkan 13 og 18. Matarhátíðir verða alla laugardaga út sumarið.

„Síðan verður breytilegt hvaða staðir verða hverju sinni,“ segir Ólafur. - bp/ sjá nánar síðu 22

Mustafa Barghouti kallar eftir efnahagsþvingunum gegn Ísraelsmönnum: Segir Ísraela fremja þjóðarmorð

GASA „Yfir fjögur hundruð Palestínnumenn hafa verið drepnir á meðan alþjóðasamfélagið segir Ísraela einungis vera að verja sig,“ segir Mustafa Barghouti, palestínskur læknir og stjórnmálamaður, sem tilnefndur var til friðarverðlauna Nóbels árið 2010.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði í gær að Bandaríkjastjórn styddi fullkomlega rétt Ísraela til að verja sig og bætti svo við: „Ísrael er í herkví hryðjuverkamanna.“

Um eitt hundruð Palestínnumenn og þrettán ísraelskir hermenn féllu í gær sem er mesta mannfall á einum degi síðan átök in hófust á Gasa þann 8. júlí. Þar af féllu að minnsta kosti sextíu

Palestínnumenn í hverfinu Shejaiya í Gasaborg. Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, segir framkomu Ísraela í Shejaiya hryllilega og að Ísraelar verði að gera meira til að vernda líf saklausra borgara.

„Ísraelar eru að fremja þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir á Palestínnumönnum,“ segir Barghouti sem telur neyðarástand ríkja á Gasa. „Við reynum að sinna slösuðum en það er skortur á öllum nauðsynjum. Okkur vantar lyf, vatn og eldsneyti, auk þess

sem það er rafmagnslaust nær alls staðar á Gasa.“

Erfiðast átti Barghouti með sig þegar hann sá föður halda utan um lík tveggja ungra sona sinna og segja: „Fyrirgefið mér að hafa ekki getað verndað ykkur.“

Barghouti segir að eina leiðin til að fá Ísraela til að láta af árásum sé að beita efnahagsþvingunum gegn Ísrael líkt og gert var gegn Suður-Afríku á tímum aðskilnaðarstefnunnar.

ih/ sjá síðu 6

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

24/7

1011

Íbúfen®

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

SPURNING DAGSINS



Rósa, ætlaðu þá að titla þig söngfugl?

„Absalút! Þá fer ferillinn á flug.“ Rósa Birgitta Ísfeld er söngkona Sometime en ætlar að hefja flugnám í haust.

Forstjóri matvöruheildverslunarinnar Innness segir samkeppni skorta á íslenskum matvörumarkaði: Varar við fordómum gagnvart innflutningi

VIÐSKIPTI „Ég óttast það að núverandi landbúnaðarstefna geti riðið okkar góða landbúnaði og frábæru vörum að fullu, segir Magnús Óli Ólafsson, forstjóri matvöruheildverslunarinnar Innness. Matvörukeðjan Costco vill hefja starfsemi hér á landi og flytja inn bandarískt kjöt. Gagnrýnisráddir hafa heyrst vegna þess.

Magnús Óli flytur inn erlendar landbúnaðarvörur. Meðal annars kjúkling frá Danmörku. Hann segir að það sé alveg ljóst að þó vant meiri samkeppni á matvöru-

markaðinn og varar við fordómum gagnvart innfluttum matvælum. „Við höfum verið að flytja inn danskan kjúkling undir vörumerkinu Rose. Fyrir hvert einasta kíló sem kemur hingað inn þurfum við að vera með heilbrigðisvottorð til að sanna að varan uppfylli hæstu gæðaskilyrði,“ segir hann. Sömu kröfur séu ekki gerðar til íslenska kjötsins. „Danski kjúklingurinn okkar var fyrsti kjúklingurinn sem fékk græna skráargatið,“



MAGNÚS ÓLI ÓLAFSSON

segir Magnús Óli en það er gæðavottun fyrir matvörur. „Síðan kom innlendur kjúklingur og fékk Græna skráargatið á eftir. Enn og aftur hefur samkeppnin það í för með sér að gæðin verða meiri,“ segir Magnús Óli.

Hann segir að hið sama hafi verið uppi á teningnum þegar Innnes hóf að flytja inn Pasqual-jógúrt. „Þá komu Skeyr. is og margar góðar vörur til þess að svara kalli neytandans. Það færði neytandanum meiri samkeppni,

þetta verð, fjölbreytni og betri vöru. Ég er þeirrar skoðunar að það yrði gæfuspor fyrir landbúnaðinn ef það yrði opnað fyrir landbúnaðarvörur í eðlilegum mæli,“ segir Magnús Óli. Hann bendir á að garðyrkjubændur hafi einnig tekist á við þetta upp úr síðustu aldamótum. „Þá var opnað fyrir innflutning á grænmeti. Hvernig svöruðu þeir samkeppninni? Þeir komu með nýja vöru. Þeir þökkuðu henni öðruvísi. Þeir komu með plómutómata og kirsuberjatómata,“ segir Magnús Óli.

-jhh



KREFJAST RÉTTLÆTIS Mótmælendur máluðu á sig kraftmiklar setningar á borð við „We Need Justice“ eða „Við þörfum réttlætis“.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Indverskir aðgerðasinnar mótmæla kynferðislegu ofbeldi:

Krefjast lögreglu aðgerða

Indverskir aðgerðasinnar efndu til mótmæla í Friðargarðinum í Bangalore í gær gegn kynferðislegu ofbeldi, misnotkun og nauðgunum kvenna þar í landi. Mótmælin voru skipulögð af The Red Brigade, hópi sem stofnaður var af indverskum konum sem berjast fyrir réttindum kvenna.

Þetta var fjórði dagurinn í röð sem mótmælin í Bangalore eru haldin til að krefjast þess að lögregla gripi til aðgerða gegn kynferðisafbrotamönnum í ljósi þess að fjölmörg mál er varða kynferðislegt ofbeldi gegn konum hafa komið upp í borginni síðustu daga. Eitt þessara mála varðar sex ára stúlku sem var nauðgað í grunnskólanum sem hún gengur í. Lögreglan hefur yfirheyrð átta manns í tengslum við verknaðinn en enn hefur enginn verið handtekinn.

-lkg

Góð mæting í hópknúsið: Ástin aðalatriði

SAMFÉLAGSMÁL „Þarna var ástin í aðalhlutverki,“ segir Sara Kristinsdóttir, verkefnastjóri Gleðiverkefnisins. Geggjaði dagurinn var haldinn í höfuðborginni á laugardaginn á vegum verkefnisins og var meðal annars reynt að slá Íslandsmet í hópknúsi. Fyrir um daginn var kertafleyting við Tjörnina í Reykjavík, til minningar um þá sem fallið hafa fyrir eigin hendi en Gleðiverkefnið hefur það að markmiði að vekja athygli á þeim 12–15 þúsundum manns sem glíma við þunglyndi á Íslandi. Til stendur að verkefnið verði árlegt.

-lkg

Mun heita Landsréttur: Þarf samþykki Alþingis

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðherra mun þurfa samþykki Alþingis þegar hann skipar dómara í nýtt millidómstigi í fyrsta skipti, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Nýtt millidómstigi mun heita Landsréttur. Allt að fimmtán dómara munu starfa við réttinn. Landsréttur verður áfrýjunaréttur en málum verður áfrýjað þangað frá öllum héraðsdómstólum. Dómurum við Hæstarétt verður síðan fækkað niður í fimm eða sjö.

-jhh

Ferðast heimshorna á milli vinnunnar vegna

Síðastliðin ár hefur Hrólfur Vagnsson ferðast með armenskri hljómsveit víða um heim en henni er haldið úti af hugsjón sem gæti verið efnafólki til eftirbreytni. Svo vinnur hann fyrir útvarp í Þýskalandi þegar hann er ekki að hella upp á á Hesteyri.

MANNLÍF Hnattvæðingin hefur ýmsu breytt, en að stimpla sig út í Bangkok og stimpla sig inn til næsta vinnudags á Hesteyri í Jökulfjörðum þykir þó enn nokkuð óvenjulegt. En svoleiðis gat hent í vinnuviku Hrólfs Vagnssonar, upptökustjóra, tónlistarmanns og ferðafrömuðar.

„Já, ég var að vinna með taí-lenskri fílharmóníu,“ rifjar Hrólfur upp. „Og ég neita því ekki að það voru mikil viðbrigði að ljúka vinnuvikunni í Bangkok og vera síðan kominn rúmum sólarhring síðar hingað á Hesteyri.“

Móðir Hrólfs festi kaup á Læknishúsinu svokallaða á Hesteyri og þar hleypur Hrólfur undir bagga á háannatíma enda í mörg horn að líta því þar er nú rekið kaffihús og gistiheimili. „Það er mjög góð tilbreyting. Í upptökunum þá rétt snýr maður öðru auganu og hreyfir annan vísifingurinn svo að það er gott að komast í víðáttuna og taka til hendinni.“

Þótt sumarstöðvar hans séu fyrir vestan halda þau hjónin, Hrólfur og Iris Kramer, heimili í Hamborg. Undanfarnir ár hefur hann svo og farið heimshorna á milli með armensku hljómsveitinni Kohar en það er hreint enginn dúett. „Við erum 300 manns á þessum ferðalögum,“ segir hann. „Áttatíu manns í hljómsveitinni, fimmtíu dansarar og þrettán einsöngvarar. Eftirvinnslan getur því verið svolítið tímafres en þetta er tekið upp á 164 rásir sem ég verð svo að koma heim og saman svo vel hljómi.“

Armenska þjóðin tvístraðist víða um heim á fyrrihluta síðustu aldar



HRÓLFUR VAGNSSON HLJÓDBLANDAR Hrólfur vinnur fyrir ríkisútvarpið í Norður-Þýskalandi. Hann getur þurft að hljóðblanda af 164 rásum í vinnu sinni. Þá er lífið á Hesteyri einfaldara þar sem fuglarnir syngja í mónó.

ADSEND MYND

þegar hún hrökklaðist undan ofríki Tyrkja. Í dag eru því armensk menningarsetur víða um heim þar sem hin dreifða þjóð getur gengið að menningararfi sínum vísu. „Harout nokkur Khatchadourian og fjölskylda hans eiga heiðurinn af þessari hljómsveit sem ég efa að sé í raun arðbær. En þar á bæ telja menn það skyldu sína að koma menningararfnum áleiðis.“

Reyndar er þetta efnafólk með mjög ramma samfélagstaug því flesta tónlistarmenn sækja þeir til borgarinnar Gyumri, ekki vegna

þess að þaðan komi besta tónlistarfólki heldur er þetta liður í að styðja við menningarlífið þar, en borgin hefur átt erfitt uppdráttar eftir hræðilegan jarðskjálfta árið 1988. Þar hafa þeir líka reist tónlistarskóla og það hefur verið hjartnæmt að verða vitni að þakklæti barnanna sem fyrir þetta framtak geta lært og leikið tónlist.“

Í haust heldur svo Hrólfur til Hamborgar þar sem hann tekur upp með sínfóníuhljómsveit ríkisútvarpsins í Norður-Þýskalandi.

je@frettabladid.is

Landsmót skáta var sett í gærkvöldi á tjaldsvæðinu Hömrum á Akureyri: Búast við átta þúsund gestum

FÉLAGSMÁL Landsmót skáta var sett í gærkvöldi að Hömrum á Akureyri. Mótshaldarar búast við allt að átta þúsund gestum á mótið þegar mest verður, þegar líða tekur á vikuna. Landsmót skáta mun standa yfir alla vikuna og lýkur á sunnudaginn.

Um 600 erlendir þátttakendur koma á mótið. Erlendir gestir hafa oft sett sterkan svip á mótið og verður engin undantekning á því í ár. Flestir erlendu skátanna sem koma á mótið koma frá Finnlandi og Bretlandi, en þeir sem koma lengst að koma alla leið frá Hong Kong og Ástralíu.

Þema mótsins í ár er „Í takt við tímann“ og verður boðið upp á hefðbundna landsmótsdagskrá með nýjum áherslum til að tengja við þema mótsins og staðhætti að Hömrum.

Landsmótið er haldið annað hvert ár og er stærsta hátíð íslenskra skáta. Reynt er að hafa mikla fjölbreytni í dagskránni svo að hver og einn ætti að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.



LANDSMÓT SKÁTA Fjöldi dagskrárlíða verður í boði fyrir landsmótsgesti þetta árið.

-sa

Ný bragðtegund með Camembert

Smurostar
við öll tækifæri

Ný viðbót ...

... á ostabakkann
... á pítsuna
... í brauðréttinn
eða á hrökkbrauðið

ms.is

NÝR MITSUBISHI OUTLANDER PHEV

VIÐ FÖGNUM

35

ÁRUM MEÐ
ÍSLENDINGUM

AKTU 50 KÍLÓMETRA Í ROSA STUÐI



Mitsubishi Outlander PHEV er fyrsti fullvaxni rafknúni fjórhjóladrifsbíllinn sem knúinn er íslenskri orku og bensíni; þitt er valið. Hann er tvíorkubíll og þú kemst allt að 52 km á hleðslunni áður en bensínvélin tekur við. Ef þú vilt vernda umhverfið, hvíla veskið eða fá þér öruggan fjórhjóladrifinn fjölskyldubíl er Outlander málið.

Mitsubishi Outlander PHEV (Plug-in Hybrid) **Mitsubishi Outlander Intense Bensín**

6.690.000 kr. **5.290.000 kr.**

Búnaður í Outlander PHEV: 18" álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjáls símabúnaður, hraðastillir með fjarlægðarskynjara, árekstravörn, akreinavari, tvískipt tölvustýrð miðstöð, upphituð framsæti, upphituð framrúða, AM/FM útvarp, CD/MP3 spilar, rafdrifnir og upphitaðir útspeglar með stefnuljósum, vindskíð að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan með beygjuljósum, regnskynjari á rúðupurrkum, sjö öryggisþúðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, svartir langbogar á þaki, þvottasprautur á aðaljósum, dagljósabúnaður.



FYRIR HUGSANDI FÓLK

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

SVONA ERUM VIÐ



2.154 einstaklingar sem búsettir voru á Íslandi létust árið 2013, 1.091 karl og 1.063 kona.

Dánartíðni var 6,7 látnir á hverja 1.000 íbúa og hækkaði frá árinu 2012. Heimild: Hagstofan.is

Reisa vindmyllur og sólarcellur við Dettifoss og malbika Demantshringinn:

Demantshringurinn pússaður

FERÐAÞJÓNUSTA Framkvæmdir hefjast fljótlega við að reisa rafveitu og vatnsveitu við Dettifoss en það er einungis fyrsta skrefið í miklum framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á svæðinu.

„Stefnan er að nýta náttúruöflin sem maður fær þarna beint í æð en án þess náttúrulega að virkja fossinn,“ segir Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Norðurþings, í gamansömum tón. Rafveitan verður því með vindmyllur og sólarcellur. Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðs-

vörður á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, segir að Dettifoss sé orðinn fjöldaferðamannastaður en enn vanti upp á að aðstaðan standi undir því.

Verið er að malbika veginn sem liggur norðan Dettifoss í átt til Ásbyrgis en hann er hluti af Demantshringnum svokallaða sem er vinsæl ferðamannaleið rétt eins og Gullhringurinn syðra. Stefnt er að því að Demantshringurinn verði allur orðinn malbikaður árið 2017.

-je



HINN DRUNGALEGI DETTIFOSS Verið er að búa svo um einn demantinn í hringnum að allir geti notið hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Handtekinn á hverjum degi: Fór út að borða en borgaði ekki

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri var á laugardag handtekinn á veitingastað í Aðalstræti þar sem hann hafði snætt steik og fleira en neitaði að borga.

Samkvæmt lögreglu hefur maðurinn verið handtekinn daglega fyrir þjófnað, veitingasvik og önnur brot síðustu tvær vikur.

Þá hefur maðurinn einnig sýnt af sér ógnandi framkomu gagnvart því fólki sem hann svíkur í viðskiptum.

-ih



BÚNAÐUR FERJADUR Þrjár þylur voru við störf í vikunni. MYND/GÆSLAN

Gæslan áfram í sérverkefni: Bjargað úr flaki

BJÖRGUN Landhelgisgæslan heldur í sumar áfram í sérverkefni sem felst í aðstoð við að bjarga líkamsleifum áhafnar bandarískrar björgunarflugvélar sem fórst fyrir 70 árum á Grænlandsjökli. Um er að ræða Grumman J2F Duck sjóflugvél, en flak hennar fannst árið 2012.

„Til viðbótar við þyrlu Landhelgisgæslunnar eru notuð skip og grænlenskar þylur en að verkefninu standa Bandaríkjaher, bandaríska strandgæslan og skyldar stofnanir,“ segir á vef Gæslunnar. -óka

Lægð hjá leikfangarisa: Barbie selst illa

VIÐSKIPTI Sala á Barbie-dúkkum dróst saman um fimmtán prósent á alþjóðlegum markaði á öðrum ársfjórðungi þessa árs. Heildarsala leikfangafyrirtækisins Mattel, sem framleiðir dúkkurnar, dróst saman um níu prósent á sama tíma og lækkuðu tekjur fyrirtækisins um 61 prósent.

Sala á Barbie hefur nú minnkað um meira en tíu prósent síðustu fjóra af fimm ársfjórðungum um heim allan. Ef aðeins er horft til Norður-Ameríku, þar sem Barbie var búin til fyrir 55 árum, hefur salan minnkað um yfir tíu prósent síðustu átta ársfjórðunga í röð.

Það virðist því vera að vinsældir Barbie hafi runnið sitt skeið en sala á öðrum dúkkum Mattel, svo sem Monster High, hefur verið góð síðustu ár. -lk

500 konur yfir fimmtugu án atvinnu til lengri tíma

Því lengur sem fólk er án vinnu, því erfiðara gengur því að fá nýtt starf. Mun fleiri konur en karlar eru skráðar langímaatvinnulausar. Þeir sem eru að missa bótarétt sinn fá aukna ráðgjöf og aðstoð hjá Vinnuálastofnun.

VINNUMARKAÐUR „Því lengur sem fólk er atvinnulaust, því erfiðara getur reynt að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Því er ráðgjöf, vinnumarkaðsaðgerðir og starfsendurhæfing mikilvægur þáttur í þjónustu við atvinnulausa,“ segir Karl Sigurðsson, vinnumarkaðs-sérfræðingur hjá Vinnuálastofnun.

Karl segir að konum sem orðnar eru fimmtugar eða eldri reynist sérstaklega erfitt að finna nýja vinnu missi þær vinnuna.

Nú eru rúmlega 500 konur fimmtugar eða eldri skilgreindar langtímaatvinnulausar, þar af hafa rúmlega 330 verið á atvinnuleysiskrá í meira en ár. Karlar eru talsvert færri, nú eru um 400 karlar eldri en fimmtugt skráðir langtímaatvinnulausir.

Rúmlega sex þúsund manns voru skráðir án vinnu í júní, í sama mánuði í fyrra voru atvinnulausir á skrá rúmlega 900 fleiri.

Langtímaatvinnulausum fjölgaði um tíu prósent á skrá Vinnuálastofnunar frá því í janúar og þangað til í júní, eða úr 42 prósentum í 52 prósent. Langtímaatvinnulausir eru skilgreindir þeir sem hafa verið án vinnu í sex mánuði eða lengur. Langtímaatvinnulausum hefur þó fækkað um tæplega tvö hundruð á tímabilinu en þar sem atvinnulausum fækkaði enn meira urðu langtímaatvinnulausir hærra hlutfall af heildinni.

Langflestir langtímaatvinnulausra fá vinnu í gegnum átaksverkefni á vegum hins opinbera auk þess sem fjöldi fær vinnu í gegnum vinnumiðlun Vinnuálastofnunar.

Samkvæmt könnun sem var gerð í lok síðasta árs meðal ein-



→ Langflestir þeirra sem eru atvinnulausir til langs tíma fá vinnu í gegnum átaksverkefni á vegum hins opinbera.


staklinga sem ekki voru lengur skráðir atvinnuleitendur en höfðu verið skráðir langtímaatvinnulausir á árunum 2009 til 2013 voru sex af hverjum tíu komnir í vinnu. Tíu prósent þeirra voru í námi, fimm prósent voru í vinnu samhliða námi.

Sautján prósent kváðust enn í atvinnuleit, sex prósent voru farin af vinnumarkaði vegna aldurs, örorku eða langtímaveikinda.

Ætla má að um tvö þúsund manns klári bótarétt sinn á þessu ári.

Karl segir að í september á síðasta ári hafi orðið skipulagsbreytingar hjá Vinnuálastofnun sem feli í sér að þeir sem eru langt komnir með bótaréttinn fái aukna ráðgjöf og vinnumiðlun hjá Vinnuálastofnun. johanna@frettabladid.is

LANGTÍMAATVINNULAUSIR SEM HLUTFALL AF HEILDARFJÖLDA ATVINNULAUSRA



→ Langtímaatvinnulausir í júní 2014

karlar **1.298** | **1.791** kona
í 6–12 mánuði **618** | **1.005** í 6–12 mánuði
í meira en ár **680** | **786** í meira en ár

→ Aldursskipting langtímaatvinnulausra í júní

18–29 ára: **850** 30–49 ára: **1.327** 50+ ára: **912**

ORTLIEB WATERPROOF
BAKPOKAR FYRIR HJÓLAFÓLK
FJALLI.IS
HÚSI HIRZLUNNAR SMÍÐSBUÐ & GARÐABÆR
S: 564-5040
100% VATNSPÉTIR - 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 29°	Friedrichshafen 19°	New York 27°
Apéna 33°	Gautaborg 26°	Orlando 31°
Basel 25°	Kaupmannahöfn 26°	Ósló 28°
Berlín 30°	Las Palmas 25°	París 24°
Billund 25°	London 26°	San Francisco 20°
Frankfurt 24°	Mallorca 34°	Stokkhólmur 26°

Á MORGUN Suðaustan 3-10 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR Suðaustan 5-13, hvassast S- og SV-lands.

Vordís Eiríksdóttir veðurfréttamaður

HLÝTT FRAM UNÐAN en áfram má búast við stöku skúrum eða rigningu S- og V-lands næstu daga. Vindur yfirleitt frekar hægur og áttin suðlæg. Hiti verður þetta 10-22 stig og hlýjat verður á NA- og A-landi.

ALUGLSINGAÐELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLSINGASTJÓRI: Jón Laufdal joni@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjórdís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsen jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is RÁÐAUGLSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

ÞAR SEM ÚRVALIÐ ER MEST

Það er skemmtilegt að skoða og reynsluaka nýjum bíl. Komdu og láttu sölumenn okkar stjarna við þig og fáðu reynsluakstursbílinn jafnvel lánaðan heim að kvöldi.

RENAULT CLIO DÍSIL, BEINSKIPTUR
VERÐ: 2.890.000 KR.
3,4 l/100 km.*

Renault Clio er einn vinsælasti bíllinn á Íslandi. Þegar fallett útlit, ríkulegur staðalbúnaður, úrval sparneytinnna bensin- og dísilvéla, hagstætt verð og einstök ný „Dual Clutch“ sjálfskipting smella saman er ástæðan augljós. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault Clio.

**P FRÍTT Í STÆÐI Á
MÍÐBORGARSVÆÐINU**



SUBARU OUTBACK, DÍSIL
SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 6.890.000 KR.
7,4 l/100 km.*



DACIA DUSTER
DÍSIL, BEINSKIPTUR. VERÐ: 4.090.000 KR.
5,3 l/100 km.*

RÍFLEGA HRINGINN Á EINUM TANKI!

3,5
L/100 KM
M.V. BLANDADAN AKSTUR

RENAULT MEGANE SPORT TOURER
DÍSIL, BEINSKIPTUR.
VERÐ: 3.590.000 KR.



NÝR SPORTLEGUR NISSAN MICRA
MEÐ SKEMMTILEGUM AUKAPAKKA:
ÁLFELGUR OG TVÍLITUR

NISSAN MICRA COUPE
BEINSKIPTUR. VERÐ: 2.390.000 KR.
5,0 L/100 KM.*

**P FRÍTT Í STÆÐI Á
MÍÐBORGARSVÆÐINU**



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir bókin sem Vala Þórsdóttir og Kolbrún Anna Björnsdóttir skrifuðu saman í gegnum Skype?
2. Við hvern barðist Gunnar Nelson í Dyflinni á laugardagskvöld?
3. Hve háan styrk hlaut alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík (RIFF) frá Evrópusambandinu?

Svör:
1. Þúttannum með pabba 2. Zak Cummm-ings 3. Tutttugu millijónir króna

65 prósent höfuðborgarbúa lesa Fréttablaðið en 22,7 prósent Morgunblaðið:

Prefalt fleiri lesa Fréttablaðið

FJÖLMIDLAR Meira en þrefalt fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið, samkvæmt nýrri könnun sem Capacent Gallup gerði á öðrum fjórðungi. Tölurnar sýna að 65,3 prósent höfuðborgarbúa á aldrinum 18–49 ára lesa Fréttablaðið en einungis 22,7 prósent lesa Morgunblaðið. Þá lesa 43,6 prósent Fréttatímann, 12,5 prósent Viðskiptablaðið og 9 prósent DV. Þegar landið er skoðað í heild sést að 55,5 prósent fólks á aldrinum 18–49 ára lesa Fréttablaðið en einungis 22,8 prósent lesa Morgunblaðið. Þá lesu 33,2 prósent Fréttatímann, 10,7 Viðskiptablaðið og 9,2 prósent lásu DV.

Þegar samanburður á milli ársfjórðunga er skoðaður sést að lesendum Morgunblaðsins á aldrinum 18–49 ára fækkar um 4 prósent á höfuðborgarsvæðinu en 1 prósent á landinu öllu. Lesendum Fréttablaðsins fjölga hins vegar um 6 prósent á höfuðborgarsvæðinu en um 5 prósent um land allt.

-jhh



Vildi ekki láta handtaka sig: Ók fullur og reyndi að flýja

LÖGREGLUMÁL Lögregla stöðvaði bifreið þar sem ökumaðurinn var í annarlegu ástandi á laugardagskvöld. Maðurinn ók á 102 kílómetra hraða á þeim kafla Miklubrautar þar sem hámarkshraði er 60 kílómetrar á klukkustund.

Þegar lögregla tilkynnti manningnum að hann væri handtekinn veitti hann mótspyrnu og reyndi að hlaupast á brott.

Einn lögreglumaður slasaðist í átökum við manninn. Hann var vistaður í fangageymslum. -ih

Flísasagir og -skerar



Drive LG4-570A
800W flísasög
79x39cm borð
kr. **39.900**



Drive Pro
600mm flíssakeri í tösku
kr. **21.990**



Drive DIY 500mm flíssakeri
kr. **8.990**



Drive DIY 430mm flíssakeri
kr. **3.990**



Drive LG3-70A
1800W flísasög
86x57cm borð
kr. **139.900**



Drive Pro
600mm flíssakeri
kr. **14.990**

MURBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



MIKIÐ MANNFALL Yfir hundrað palestínkir borgarar og þrettán ísraelskir hermenn féllu á sunnudag, sem er mesta mannfali á einum degi frá því átökin hófust. NORDICPHOTOS/AFP

Segir Ísraela fremja þjóðarmorð á Gasa

Mustafa Barghouti, læknir sem hlotið hefur tilnefningu til friðarverðlauna Nóbels, segir ástandið á Gasa skelfilegt og kallar eftir efnahagsþvingunum gegn Ísrael.

GASA „Ísraelar eru að fremja þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir á Palestínumönnum,“ segir Mustafa Barghouti um atburði síðustu daga á Gasa.

Barghouti er palestínkur læknir og stjórnmálamaður sem rekið hefur hjálparstarf í Palestínu í áratugi. Hann var þar að auki tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels árið 2010.

Í gær var blóðugasti dagurinn á Gasa frá því að átök hófust þann 8. júlí síðastliðinn. Um hundrað palestínkir borgarar féllu og þrettán ísraelskir hermenn á Gasa um helgina.

Í hverfinu Shejaiya í Gasaborg, sem er að mestu byggt flóttamönnum, segir Barghouti að fjöldamorð hafi verið framíð á yfir sextíu Palestínumönnum: „Flestir þeirra sem dóu voru konur og börn. Ísraelski herinn sprengdi upp allt hverfið með skriðdrekum, stórskotaliði og loftárásum. Ísraelar sprengdu einnig tvo sjúkrabíla í loft upp sem reyndu að koma særðum út úr hverfinu.“

Hverfið er gjörónýtt og Sameinuðu þjóðirnar segja áttatíu þúsund manns nú vera á vergangi á Gasa. Barghouti segir: „Fólkið sem nú er á flóttu er það sama og var rekið af heimilum sínum árið 1948 og hefur orðið flóttafólk oftar á ævinni en hægt er að koma tölu á.“

Barghouti segir hjálparstarf vera mjög erfitt á Gasa. „Við reynum að sinna slösuðum en það er skortur á öllum nauðsynjum. Okkur vantar lyf, vatn og eldsneyti, auk þess sem rafmagnslaus

Netanyahu: Ekkert stríð réttlætlanlegra



Benjamín Netanyahu, forseti Ísraels, boðaði áframhaldandi hernaðaraðgerðir í gær: „Ekkert stríð er réttlætlanlegra en það sem nú stendur.“ Netanyahu útilokaði ekki að Ísraelsher hernæmi Gasa líkt og gert var fram til ársins 2005. Netanyahu sagði einnig að hverfið Shejaiya, þar sem yfir 60 Palestínumenn féllu, væri vígi hryðjuverkamanna sem skýldu sér bak við saklausa borgara.

er nær alls staðar á Gasa. Hér ríkir algjört neyðarástand,“ segir Barghouti en yfir þrjú þúsund hafa særst og yfir fjögur hundruð Palestínumenn látist í átökunum.

Barghouti gefur lítið fyrir útskýringar Ísraelsmanna á að þeir séu að stöðva skot flugskeyta til Ísrael. „Árásir helgarinnar eru ekki árárásir á Hamas-samtökin heldur árárásir á alla Palestínumenn. Þeir særðu og látnu eru ekki Hamas-liðar, þetta eru óbreyttir palestínkir borgarar. Níutíu prósent þeirra látnu eru saklausir borgarar og tveir þriðju eru konur og börn.“

Barghouti kallar eftir því að lýsa þurfi vopnahléi samstundis og opna landamæri Gasa fyrir Palestínumönnum. Þar að auki segir Barghouti: „Ísraelar þurfa að láta af hernámi sínu á Palestínu sem breyst hefur í kerfi aðskilnaðar og kynþáttamismununar.“

Til að það gerist segir Barghouti að þurfi Ísraela þrýstingi. „Alþjóðasamfélagið þarf að setja viðskiptaþvinganir á Ísraela líkt og gert var í Suður-Afríku vegna aðskilnaðarstefnunnar.“

ingvar@frettabladid.is



Alþjóðasamfélagið þarf að setja viðskiptaþvinganir á Ísraela líkt og gert var í

Suður-Afríku vegna aðskilnaðarstefnunnar.

Mustafa Barghouti, læknir og stjórnmálamaður



ALGJÖR EYÐILEGGING Hverfið Shejaiya er gjörónýtt eftir sprengjregningu ísraelska hersins. NORDICPHOTOS/AFP



Hefur þú smakkað nākd bitana?



Næringarríkir hrábarir!
Innihalda eingöngu:
þurrkaða ávexti,
hnetur, möndlur,
og náttúruleg bragðefni.

Án sykurs og sætuefna.
Engin erfðabreytt hráefni,
glúten, hveiti eða mjólkurafurðir.



Fást í flestum matvöruverslunum, heilsuþúðum og apótekum



VERÐLAUNUÐ LEIÐ TIL BETRI FRAMTÍÐAR


Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Frjálsi lífeyrissjóðurinn fékk nýlega viðurkenningu fyrir árangur í fasteignafjárfestingum frá alþjóðlega fagttímaritinu **Investment Pension Europe**. Í nóvember sl. fékk sjóðurinn verðlaun sem besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða undir milljón íbúa. Þessar og aðrar viðurkenningar endurspeglar sterka stöðu sjóðsins og árangur hans undanfarin ár.

Ef þú hefur frjálst val um hvar þú ávaxtar skyldulífeyrissparnaðinn þinn og vilt faglega stýringu þá er **Frjálsi lífeyrissjóðurinn** góður kostur. Jafnframt stendur öllum til boða að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn hjá **Frjálsa lífeyrissjóðnum**.

Þú færð ítarlegar upplýsingar um sjóðinn í næsta útibúi Arion banka, á www.frjalsilif.is, með því að senda fyrirspurn á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða í síma 444 7000.

ÁVÖXTUN FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS



Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Fimm ára ávöxtunartölurnar sýna meðalnafnávöxtun frá 30.06.2009–30.06.2014 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á frjalsilif.is.

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN - MARGVERÐLAUNAÐUR SJÓÐUR

- ▶ **2014** besti fagfjárfestir í fasteignafjárfestingum í flokknum „Rest of Europe“ (40 lönd Evrópu)
- ▶ **2013** besti lífeyrissjóður smáþjóða í Evrópu
- ▶ **2013** næstbesti lífeyrissjóður í Evrópu af lífeyrissjóðum sem eru minni en 1 milljarður evra að stærð
- ▶ **2012** næstbesti lífeyrissjóður smáþjóða í Evrópu
- ▶ **2011** besti lífeyrissjóður á Íslandi
- ▶ **2011** næstbesti lífeyrissjóður smáþjóða í Evrópu
- ▶ **2010** besti lífeyrissjóður á Íslandi
- ▶ **2009** besti lífeyrissjóður á Íslandi
- ▶ **2009** næstbesti lífeyrissjóður smáþjóða í Evrópu
- ▶ **2009** næstbesti lífeyrissjóður í Evrópu af lífeyrissjóðum sem eru minni en 1 milljarður evra að stærð
- ▶ **2005** besti evrópski lífeyrissjóðurinn í þemaflokknum Uppbygging lífeyrissjóða

Jafnframt var sjóðurinn valinn lífeyrissjóður ársins á Íslandi árið 2014 af fagttímaritinu Acquisition International.

Í umsögn dómnefnda um Frjálsa lífeyrissjóðinn undanfarin ár hefur verið fjallað um góða ávöxtun sjóðsins við erfiðar markaðsaðstæður, fagleg vinnubrögð við mótun fjárfestingarstefnu, gagnsæi, uppbyggingu sjóðsins og nýja þjónustuþætti fyrir sjóðfélaga.

Handfarangur er alls konar: Samræmdar reglur í nefnd

EVROPUSAMBANDIÐ Dagað hefur uppi í nefnd í Evrópuþinginu til laga um samræmingu reglna um handfarangur flugfarþega. Frá því er greint á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) að ekki sé útlit fyrir að flugfélögum verði á næstunni gert að samræma reglur sínar um handfarangur.

Miklu er sagt muna á reglum flugfélaga um handfarangur, en þau eru sum sögð hafa lagst gegn fyrirhuguðum „endurbótum á réttindum flugfarþega“.

- 6k4

Heilbrigðisráðherra skoðar þann möguleika að færa heilsugæsluna á Akureyri aftur til ríkisins.

Vill heilsugæslu Akureyrar aftur til ríkis

AKUREYRI Vilji er til þess hjá heilbrigðisráðherra að taka aftur yfir rekstur heilsugæslunnar á Akureyri ef marka má bréf ráðuneytisins til Akureyrarkaupstaðar.

Velferðarráðuneytið hefur, fyrir hönd heilbrigðisráðherra Kristjáns Þórs Júlíussonar, sent Akureyrarkaupstað bréf þar sem óskað er eftir viðræðum um að flytja rekstur heilsugæslunnar í bænum aftur til ríkisins. Akureyrarbær hefur í nokkurn tíma verið tilraunasveitarfélag um að reka heilsugæslu þar

í bæ. Nú er svo komið að fé vantar inn í samninginn til þess að reka heilsugæsluna og hefur hún verið rekin með halla síðustu misseri. Einnig hafa biðlistar eftir heimilislæknum lengst.

Bæjarráð svaraði bréfi ráðuneytisins á síðasta fundi og skipaði tvo fulltrúa í samráðshóp. Einnig óskaði bæjarráð eftir fundi við ráðherra vegna málsins.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrar, sagði í samtali við Fréttablaðið

→ Heilsugæslan hefur verið rekin með halla síðustu misseri.

það vera skýran vilja bæjarins að halda áfram rekstri heilsugæslunnar. Þó væri það þannig að það vantaði fé inn í reksturinn.

Guðmundur segir að ekkert samráð hafi verið haft við bæjaryfirvöld áður en þess var óskað að skipa fulltrúa í hópinn sem ætlað er að flytja starfsemi heilsugæslunnar.

- 5a



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON Telur ástand heilsugæslumála á Akureyri óviðunandi. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN



FLYTUR ERINDI Einar Káráson rit höfundur hefur oft fjallað um Sturlu í skrifum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þétt dagskrá á Sturluhátíð: Fagna 800 ára afmæli Sturlu

MENNING Sturluhátíð í Dölum verður haldin um næstu helgi í tilefni þess að átta hundruð ár eru liðin frá fæðingu sagnaritarans Sturlu Þórðarsonar.

Heiðursgestur hátíðarinnar er Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti. Einnig munu Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, og Olemic Tomessen, forseti norska stórþingsins, flytja ávörp sem og Einar Káráson rithöfundur og Guðrún Nordal, forstöðumaður stofnunar Árna Magnússonar.

Hátíðin verður haldin á sunnudaginn kemur að Tjarnarlundi í Saurbæ í Dalasýslu.

- b4

Ákvarðanir út frá hagsmunum bænda

Ráðherra neytendamála hefur ekkert með innflutning á landbúnaðarafurðum að gera. Landbúnaðarráðherra er einráður er kemur að innflutningi. Formaður Neytendasamtakanna segir hann taka allar ákvarðanir út frá hagsmunum bænda.

NEYTENDUR Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra tjáir sig ekki um innflutning á landbúnaðarafurðum, þrátt fyrir að hún sé ráðherra neytendamála.

Aðstoðarmaður hennar sagði í samtali við Fréttablaðið að allt er lýtur að innflutningi landbúnaðarafurða væri á hendi landbúnaðarráðuneytisins.

„Þetta er íslensk stjórnsýsla í hnotskurn,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. Jóhannes segir að sagan sýni að landbúnaðarráðherra líti á það sem sitt helsta hlutverk að vernda íslenskan landbúnað en hafi ekki hagsmuni neytenda að leiðarljósi.

„Ég tel að Alþingi ætti að fjalla um hvort það sé eðlilegt að landbúnaðarráðherra fjalli einn um innflutning á landbúnaðarafurðum,“ segir Jóhannes.

Hann tekur sem dæmi innflutning á nautakjöti sem mikill skortur er á í landinu.

Landbúnaðarráðherra tekur allar ákvarðanir um innflutning á



JÓHANNES GUNNARSSON



GYLFI ARNBJÖRNSSON

nautakjöti út frá hagsmunum kúa-bænda.

„Ég vildi að ráðherra neytendamála hefði eitthvað um þetta að segja þar sem þetta snertir hag neytenda mjög mikið,“ segir Jóhannes.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að innflutningur á landbúnaðarafurðum sé klárlega neytendamál.

„Það eru lög í landinu sem leyfa ekki nema takmarkaðan innflutning á landbúnaðarafurðum. Alþingi ákvað hins vegar að leggja til hliðar þau ákvæði sem áttu að vernda hagsmuni neytenda,“ segir Gylfi.

Hann minnr á að Íslendingar



EINRÁÐUR Landbúnaðarráðherra er einráður um allt það er lýtur að innflutningi á landbúnaðarafurðum. Sama hvort það varðar hag neytenda eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

séu samkvæmt GATT-samningnum skuldbundnir til að flytja inn landbúnaðarafurðir. Stjórnvöld hafi hins vegar ákveðið að nota ekki aðlögunartímabil GATT-samninga til að stuðla að meiri samkeppni heldur til að útfæra samningana með þeim hætti að þeir myndu valda sem minnstri röskun á hag bænda.

Johanna@frettabladid.is




REYKJAVÍK Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 0,8 prósent í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Vísitala íbúðaverðs lækkar: Verð á sérbylí á niðurleið

EFNAHAGSMÁL Íbúðaverð er tekið að lækka, sé miðað við vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu. Vísitalan hefur nú lækkað tvo mánuði í röð, í fyrsta sinn frá því í desember 2010. Einnig var lækkan vísitölu í síðasta mánuði sú mesta frá því í desember 2010, eða 0,8 prósent.

Þetta kemur fram í Hagsjá Hagfræðideildar Landsbankans. Þar segir að lækkanin undanfarna tvo mánuði sé nær eingöngu tilkomin vegna lækkan á verði sérbylís, en sérbylí hefur lækkað í verði um alls 4,3 prósent síðan í apríl. Engu að síður hækkaði íbúðaverð verulega þegar horft er á fyrri helming ársins í heild sinni. Verðið var 6,8 prósentum hærra í lok júní en fyrir ári.

- b4



Beltone First™ Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone First™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!



Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra styrkerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



SAMEINING Sigurður Kristinsson er formaður nýs félags sem hefur verið stofnað um þrjár sameinaðar menningarstofnanir.

Þrjár menningarstofnanir á Akureyri sameinast:

Menningarfélag stofnað á Akureyri

AKUREYRI Stofnuð hefur verið sjálfseignarstofnun undir heitinu Menningarfélag Akureyrar. Í hinu nýja félagi sameinast Leikfélag Akureyrar, Sinfóníuhljóm-sveit Norðurlands og menningarhúsið Hof. Markmið nýs félags er að tryggja samstarf milli þessara máttarstólpa í menningarlífi Akureyrar, vinna að því að bæta rekstur félaganna og nýta betur það opinbera fjármagn sem fæst í menningarlíf bæjarins.

Sigurður Kristinsson er formaður félagsins en í stjórn þess

sitja einnig fulltrúar leikfélagsins, menningarhússins og sinfóníuhljómsveitarinnar.

Leikfélag Akureyrar barðist við erfiða fjárhagsstöðu og gat ekki staðið við skuldbindingar sínar á árinu að óbreyttu. Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hljóp undir bagga með félaginu til að tryggja að félagið gæti staðið við sitt en að óbreyttu mun ekki verða sett upp sýning hjá leikfélaginu á hausti. Starfsemi leikfélagsins mun þó fara í eðlilegt horf í janúar á næsta ári.

- 5a



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
55.555
SPARAÐU 14.345

exquisit
WM-6810 Þvottavél
Einföld þvottavél með hraðþvotti og 6 kílóa hléslugetu frá Exquisit í Þýskalandi.

- ✓ Tekur allt að 6 kg.
- ✓ Stíllanlegur vinduhráði.
- ✓ Snertitakkar og valrofi.
- ✓ Hægt að velja um forþvott og skolstöðvun
- ✓ Hraðaval.
- ✓ Kerfa- og hitaval með einum valrofa
- ✓ 15 þvottakerfi þ.á.m. mörg sérkerfi s.s. handþvottakerfi og ullarkerfi og viðbótarskolun
- ✓ A+/A/C einkunn fyrir orkunýtni og þvottagæði og beytivindu.
- ✓ Fullt verð kr. 69.900

AEG
T-61270AC Barkalaus þurrkari
Barkalaus þéttþurrkari með fullkomnum rakaskynjara og 14 mismunandi þurrkerfum.

- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara.
- ✓ LCD skjár sem sýnir afgangstíma.
- ✓ Hljóðmerki þegar þurrki lýkur.
- ✓ Möguleiki á framstíltri ræsingu.
- ✓ Tromla snýst til beggja átta.
- ✓ Tekur allt að 7 kg.
- ✓ Fjölmörg sérkerfi fyrir nær allar gerðir af tauí.
- ✓ Niðurkæling á þvotti.
- ✓ Orkuflokkur B.
- ✓ Fullt verð kr. 137.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 38.000

XL 7 KG BARKA-LAUS RAKA-SKYNJARI



XXL að innan
Allt að 34 cm háir diskar

HVÍT
KYNNINGARVERÐ KR. **99.900**
SPARAÐU 50.000

STÁL
KYNNINGARVERÐ KR. **109.900**
SPARAÐU 50.000

Electrolux
ESFCHRONOW/NOX Uppþvottavél
Afburða vel búin og hljóðlát uppþvottavél í algjörum sérklassa á undragóðu verði.

- ✓ Flexi Spray þvottaarmur með þriðdarþvottatækni + úðara í toppi.
- ✓ XXL að innan - stöðluð utanmál.
- ✓ Afar hljóðlát, aðeins 46 dB(A).
- ✓ 6 þvottakerfi þ.á.m. 2 hraðkerfi.
- ✓ Snertitakkar og LED tímaskjár.
- ✓ Margbreytanleg lúxusinnrétting.
- ✓ DryTech öflug þurrkun.
- ✓ A++/A/A toppeinkunn fyrir okru, þvott og þurrkun.
- ✓ Fæst í hvítu og fingrafarafríu stáli.
- ✓ Fullt verð kr 149.900 / 159.900

ÞVOTTA-ARMUR Hljóð 46 dB SNERTI-TAKKAR

Electrolux
JMF00TBALL JetMaxx ryksuga
2000W ryksuga með Dust Magnet ryksuguhaus sem er bæði með fram- og hljóðarsogi.

- ✓ Gúmmihjól sem verndar gólfín.
- ✓ Þvoanleg HEPA öragnasia.
- ✓ 11 metra vinnuradius.
- ✓ S-Bag XL ryksugupoki.
- ✓ Pokakarfa sem gefur betra loftflæði.
- ✓ Fullt verð kr. 29.990

FIFA fótbolti frá Adidas fylgir fritt með!

KYNNINGARVERÐ KR.
19.990
SPARAÐU 10.000

Dust Magnet haus

exquisit
KGC-270/45A Kæli- og frystiskápur
Rúmmál kælis 171 lítrar og 41 lítra frystir.

- ✓ Orkuflokkur A+.
- ✓ Hægt að víxla hurðaröpunun.
- ✓ Sjálfvirk affrysting í kæli.
- ✓ HxBxD: 143 x 54,5 x 54,5 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 64.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
49.900
SPARAÐU 15.000

143 CM HÁR

Virkar á allar hellur, líka span

50%
AFSLÁTTUR AF POTTUM

Veldu á milli stakra potta eða potta-setta frá SOLA í Hollandi. Stærðir 1,5-17 lítra úr 18/10 gæðastáli. Henta á allar gerðir af hellum, líka span. Sjáðu allt úrvalið á www.rafha.is

sola THE NETHERLANDS

OFURTILBOÐ Í EINA VIKU!
HLAUGHTU KAUGHTU!



AEG
L-62470FL Þvottavél
Vinsæl heimilisvél frá AEG, hlaðin þægindum og nútíma tækni.

- ✓ 1400 snúninga stillanlegur vinduhráði
- ✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi, ullarkerfi og handþvottur.
- ✓ 0-19 klst framstíllt ræsing.
- ✓ TimeSave - sparar allt að 60% tíma.
- ✓ ProTex tromla - verndar fótin fyrir sliti
- ✓ A+++/A/B orkunýtni, þvottagæði og vinda
- ✓ Fullt verð kr. 139.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 40.000

AAB EINKUNN 1400 SNÚNINGA XL 7 KG

ProTex tromla verndar fótin



-18°C frystir
Með hámarksgeymslugetu

exquisit
KS-15-1A Kælikápur
Flottur skápur í bústaðinn

- ✓ -18°C frystir ****
- ✓ 14 lítra frystihólf.
- ✓ Orkuflokkur A+
- ✓ HxBxD: 85 x 55 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 59.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
39.900
SPARAÐU 20.000

85 CM HÁR

SIEMENS
HB-75GB5605 Ofn
Glæsilegur Siemens ofn með Pyrolyse sjálfhreinibúnaði sem hitar upp í 500°C og brennir alla fitu og óhreini upp til agna. Umhverfisvænt og einfalt.

- ✓ 9 eldunarkerfi þ.á.m. pizzakerfi, glóðarsteiking og ehta heitur blástur sem tryggir bestu varmadreifingu.
- ✓ SoftClose hæglökun á hurð.
- ✓ Stílhreint útlit í burstuðu stáli með innflettum sökkhvöppum og rafeindaklukkum með LED lýsingu.
- ✓ XL 65 lítra ofn í A-30% orkuflokki.
- ✓ Fullt verð kr 259.900.

KYNNINGARVERÐ KR.
265.000
SPARAÐU 164.800

XL 67 L HÆG-LÖKUN

SIEMENS
EH-651FB17E Spansuðuhelluborð
Glæsilegt spanborð með aflíðandi glerkanti.

- ✓ 4 booster háhraðahellur þ.á.m. ein XXL 28 cm. 17 hitaprep á hverri hellu.
- ✓ TouchSlider beinval.
- ✓ Tímastíllir með niðurtalningu.
- ✓ Barnalæsing.
- ✓ Utanmál BxD: 59,2 x 52,2 cm.
- ✓ Fullt verð kr 169.900.

SPANSUÐA
STRÖK-SNERTING HRÁÐ-HELLUR

15-50% AFSLÁTTUR AF VIFTUM & HÁFUM

Háfar og viftur í miklu úrvali frá AEG, Siemens, Electrolux, Exquisit Küppersbusch og Thermex. Sjáðu allt úrvalið á www.rafha.is

Veggháfar frá kr. 17.900,-
Eyjuháfar frá kr. 79.900,-
Eldhúsviftur frá kr. 8.990,-
Útdregnar viftur frá kr. 14.990,-



Rafha ehf

Opið
virka daga 9-18
laugardag 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Ríkjum ber skylda til að boða umburðarlyndi:

Mega ekki meiða

Margir hafa fordæmt málflutning framsóknarmanna í Reykjavík um múslíma í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Það er ljóst að þessar efasemdir ná einnig inn í raðir flokksins. Fjölmargir frammenn hafa sagt sig úr flokknum og gerð var heiðarleg tilraun til að fordæma þennan málflutning á síðasta miðstjórnarfundinum en hún var barin niður. Til að bæta gráu ofan á svart þá á forsætisráðherra, samkvæmt fréttalutningi frá fundinum, að hafa verið fremstur í flokki þeirra sem vildu standa vörð um þennan málflutning.



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Í síðasta mánuði kvað Mannréttindadómstóll Evrópu upp dóm í máli S.A.S. gegn Frakklandi. Málið hefur verið kallað blæjubannsmálið og snerist um lögmæti banns franskra stjórnvalda við að hylja andlit á almannaferi. Þar komst dómstóllinn með naumum meirihluta að þeirri niðurstöðu að bannið stæðist ákvæði mannréttindasáttmálans. Í niðurstöðunni er einnig fjallað um umræðu sem skapaðist í frönsku þjóðfélagi (reyndar um allan heim) og lýst sérstaklega yfir áhyggjum af því að í aðdraganda lagasetningarinnar hafi umræða í Frakklandi oft og tíðum markast af hatursfullum ummælum í garð múslíma. Dómstóllinn sagði að þegar ríki réðist í lagasetningu af þessu tagi þá tæki það þá áhættu að festa í sessi neikvæðar staðalmyndir af minnihlutahópum. Slíkt gæti hvatt einhverja íbúa landsins til að tjá fordómafullar skoðanir á þeim þegar ríki hefðu, þvert á móti, skýlausa skyldu til að boða umburðarlyndi. Dómstóllinn ítrekaði að ummæli sem fælu í sér almennar og afdráttarlausar árásir á trúarhóp eða þjóðarbrot gengju gegn grunnvildum Mannréttindasáttmálans um umburðarlyndi, félagslegan frið og jafnræði og féllu ekki undir tjáningarfrelsi í skilningi hans.

Þegar oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík hóf umræðu um fyrirhugaða mosku, setti hana í samhengi við nauðungarhjónabönd, leyfði eigin Facebook-síðu að vera gróðrarstía mannhatars í ummælakerfi og bætti um betur og „lækaði“ fordómafullar færslur frá öðrum, þá var hann, vægt til orða tekið, ekki að boða umburðarlyndi í íslensku þjóðfélagi. Þvert á móti var oddvitinn að kynda undir neikvæðum staðalmyndum af múslímum og óhætt er að segja að útspil hans hafi fleytt af stað hatursfullri umræðu sem var nánast öll byggð á ótrúlegri fáfræði og fordómum. Það er jafnvel hægt að ganga svo langt að segja að þetta útspil hafi falið í sér árás á múslímska minnihlutann hér á landi. Oddvitinn getur ekki á nokkurn hátt skýlt sér á bak við tjáningarfrelsi eins og ítrekaðar fullyrðingar framsóknarmanna um „þöggun“ gáfu til kynna. Allt slík tal er, eins og margoft hefur komið fram í dómum Mannréttindadómstólsins, ekkert annað en gróf tilraun til að misnota mannréttindi. Enginn, hvorki oddviti Framsóknar né nokkur annar, hefur þau mannréttindi að leyfast að meiða aðra.

Ábyrgð formanns flokksins er sömuleiðis mikil, sérstaklega í ljósi þess að hann er einnig forsætisráðherra. Með því að neita að fordæma málflutning oddvítans og hindra persónulega að hann sé fordæmdur af flokknum er hann í raun að bregðast þeirri skýlausu skyldu sinni, sem einn æðsti embættismaður hér á landi, að boða umburðarlyndi gagnvart öllum þegnum landsins.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vínveitingastaðurinn IKEA

Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vill að fólk geti keypt vín með steikinni í matvöruverslunum. Það er að mörgu leyti umhugsunarvert að einkaaðilum sé treystandi fyrir því að selja áfengi á matsölustöðum og vínveitingastöðum en ekki í verslunum. Á stöðum eins og í IKEA er þetta kannski skrytnast. Eigendur verslunarinnar geta selt léttvín og bjór á afmörkuðu svæði á matsölustað sem rekinn er inni í versluninni. En ef þeir stilltu vörurnu upp í hillurekka í sömu verslun við hlið matsölustaðarins er hætta á að það yrði að lögreglumáli.

Rangt forgangsraðað Pórey Þórðardóttir, fram-

kvæmdastóri Landssamtaka lífeyrissjóða, minnti á það í fréttum RUV um helgina að mikilvægt væri að endurskoða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna. Þannig brást hún við ummælum forsætisráðherra sem vill að lífeyrissjóðir fjárfesti meira í nýsköpun. Eitt af mikilvægustu stjórnarfrumvörpum sem lagt var fram á síðasta þingi var frumvarp til að heimila lífeyrissjóðum að fjárfesta á svokölluðum First Northmarkaði í Kauphöllinni. Þannig gætu lítil nýsköpunarfyrirtæki sótt sér fjármagn á markaði, stækkað og dafnað. Slík lög skapa því hvata til fjárfestinga í nýsköpun. Illu heilli var forgangs-


róðun stjórnarmeirihlutans á Alþingi þannig að málið hlaut ekki afgreiðslu.

Ímyndarvandinn

Þeir eru margir sem hafa látið veðrið á Íslandi í sumar fara í taugarnar á sér. Björn Ingi Hrafnsson, ritstjóri Pressunnar, er einn þeirra. „Íslenska sumarið á við alvarlegan ímyndarvanda að etja,“ segir hann á Facebook. Það má reyndar líka velja því fyrir sér hvort veðurfarið á Íslandi kunni að valda ímyndarvanda fyrir íslenska ferðabjónustu. Eða hvort rokið og rigningin sé hreinlega á meðal þess sem erlendir gestir okkar ásælist. jonhakon@frettabladid.is



HALLDÓR



Hvað sagði Juncker?

EVROÞUMÁL



Valgerður Bjarnadóttir alþingismaður

Er það ekki svolítið sérkennilegt að svo mikil umræða sem raun ber vitni verði um hvað Juncker, nýr forseti framkvæmdastjórnar ESB, sagði í ræðu sinni í vikunni sem leið? Bið fólk að athuga að ég segi og skrifa um hvað hann sagði en ekki það sem hann sagði.

Hann sagði ekkert um að ESB mundi hætta samningaviðræðum um aðild að samstarfinu. Hann sagði einmitt að samningaviðræðum sem eru í gangi yrði haldið áfram (... ongoing negotiations will continue...). Auðvitað er þó ólíklegt að framkvæmdastjórnin eyði miklum tíma á samningafundum ef hún er ein á fundunum eins og blasir við í samningaviðræðum við okkur. Eins og við öll vitum ætlar ríkisstjórnin ekki að gera út neinn mannskap til að sitja slíka fundi af okkar hálfu.

Kolbrún Björnsdóttir ræðir við konur sem stýra fyrirtækjum og kynnist þeim í gegnum líf og störf.

Fjölbreytt mánudagskvöld

KL. 19:15

Sjálfstætt fólk

Í kvöld sýnum við þátt frá 2005 í minningu um Vilhjálm Hjálmarsson, bónda og fyrrverandi þingmann, sem féll nýverið frá.



KL. 21:20

The Leftovers

Spennuþættir frá HBO með Frank Harts, Michael Gaston, Liv Tyler og Justin Theroux í aðalhlutverkum.



KL. 22:10

Crisis

Bandarísk spennuþáttaröð um mannþrælingja sem ræna börnum valdamestu manna Bandaríkjanna.



KL. 20:30

Eldsnögg með Jóa Fel

Sjónvarpskokkurinn og bakaramestari Jói Fel deilir girnilegum uppskriftum af hjartans lyst.



KL. 07:00-20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 21:50

The Vampire Diaries

Þriðja þáttaröðin um unglingsstúlkuna sem fellur fyrir strák sem reynist vera vampír.



SUDOKU

LÉTT

		4		3	8		
6	7	8	9	1			
9			2		7		
1	4	7		8	9	3	
2	6			4	1		
		9	4				
	1	5	8	9	7		
			1	4	3	5	
				2			

LÉTT

6			7		8		
			5		2		
9	1	5		3	4	7	
	8		6	2			
2	4			9	1		
3				8			
	2	4		1	7		8
							4
8			4	5	9		

MIDLUNGS

PUNG

		1	6	4		8	
	8	2		9		6	
			5			7	9
			8	6		2	
6			9				1
							8
							3
1	5					2	
4	6	9			7	1	

9	8	2	3	7	5	1	4	6
1	4	5	2	6	9	3	7	8
6	3	7	1	4	8	9	5	2
2	5	9	4	8	1	6	3	7
7	1	4	5	3	6	2	8	9
3	6	8	7	9	2	4	1	5
4	2	1	6	5	7	8	9	3
8	7	6	9	1	3	5	2	4
5	9	3	8	2	4	7	6	1
6	9	4	3	5	7	1	2	8
1	2	3	6	4	8	9	7	5
5	7	8	9	1	2	3	4	6
7	6	9	4	2	3	5	8	1
8	3	1	5	7	9	2	6	4
2	4	5	8	6	1	7	9	3
9	1	6	7	3	4	8	5	2
3	5	7	2	8	6	4	1	9
4	8	2	1	9	5	6	3	7
4	5	7	3	6	8	1	9	2
6	9	2	7	1	4	3	8	5
8	1	3	9	2	5	4	6	7
1	3	5	8	9	7	2	4	6
9	2	4	1	3	6	5	7	8
7	8	6	4	5	2	9	3	1
2	4	8	5	7	9	6	1	3
3	6	9	2	8	1	7	5	4
5	7	1	6	4	3	8	2	9

**LAUSN
SÍÐUSTU
SUDOKU**

Prættin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



6 hlutir sem maður lærir eftir að maður eignast börn...

1. Hlutir, sem þér fannst virkilega viðurstyggi- legir, eru það ekki lengur.

SPAKMÆLI DAGSINS

„Menntun er sterkasta vopnið sem hægt er að nota til að breyta heiminum.“

Nelson Mandela

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT


2. bein, 6. persónufornafn, 8. lík, 9. gogg, 11. þys, 12. bolur, 14. stoðvirki, 16. hljóta, 17. sjáðu, 18. stefna, 20. til, 21. þráður.

LÓÐRÉTT

1. stjórnarumdæmis, 3. eftir hádegi, 4. minnka, 5. fugl, 7. tilgáta, 10. aur, 13. ögn, 15. slen, 16. fum, 19. í röð.

LAUSN

11. ys, 12. storm, 14. grind, 16. fá, 17. LÁRÉTT: 2. legg, 6. ég, 8. hrae, 9. nef, sko, 18. átt, 20. að, 21. taug.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
það er barna-
af misnuna
börnum
erir líklegri eða
andlegri geu

PEUGEOT 3008

NJÓTTU NÝRRA TILFINNINGA



Myndin sýnir Peugeot 3008 með aukabúnaði.

PEUGEOT 3008
DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR

kostar kr. **4.490.000**

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri 4,2L/100km
CO₂ útblástur 110g • Drægni á tankfylli 1.428km

PEUGEOT 3008

KOSTAR FRÁ KR.

3.990.000



3008, eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 4,2 til 6,7L/100km og CO₂ útblástur (g/km) frá 110 til 159.

MOTION & EMOTION




PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



SMÁRA BÍÓ	5%
DAWN... PLANET OF THE APES 3D	KL. 5-8-10:45
DAWN... PLANET OF THE APES 3D LUXUS	KL. 5-8-10:45
THE PURGE: ANARCHY	KL. 10:20
DELIVER US FROM EVIL	KL. 8-10:35
EARTH TO ECHO	KL. 3:40-5:45
AD TEMJA DREKANN 2 2D ISL. TAL.	KL. 3:30-5:45
22 JUMP STREET	KL. 10:30
VONARSTRÆTI	KL. 5

HÁSHÖLA BÍÓ	5%
DAWN... PLANET OF THE APES 3D	KL. 6-9
THE PURGE: ANARCHY	KL. 10:10
DELIVER US FROM EVIL	KL. 10:40
THE SALVATION	KL. 8
AD TEMJA DREKANN 2 2D ISL. TAL.	KL. 5:45
TRAIN... DRAGON 3D ENS. TAL. ÖT. XT.	KL. 5:45
22 JUMP STREET	KL. 10:40
FAULT IN OUR STARS	KL. 8
VONARSTRÆTI	KL. 5:20-8

LAUGARÁS BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
PLANET OF THE APES	5, 8, 10:15(P)
THE PURGE: ANARCHY	8, 10:40
AD TEMJA DREKAN SINN 2D	5
22 JUMP STREET	5, 8
MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST	10:20

SAMBIO.IS

SAFIR	ALFABAKKA
CHEF	KL. 5:50-8-10:30
CHEF VIP	KL. 5:30-8-10:30
TAMMY	KL. 3:40-5:50-8-10:20
TARZAN ISL. 2D	KL. 3:40-5:50
SABOTAGE	KL. 8:10-10:30
CUBAN FURY	KL. 8-10:10
TRANSFORMERS 4 3D	KL. 5-8:30
MALEFICENT 2D	KL. 3:40-5:50

SAFIR EGISSHÖLL

SAFIR	KEFLAVÍK
CHEF	KL. 8
TAMMY	KL. 10:20
DAWN OF THE PLANET OF THE APES 3D	KL. 8-10:40

SAFIR KRINGLUNNI NÚMÉRÚD SAETI

CHEF	KL. 5:30-8-10:30
TAMMY	KL. 5:50-8
TRANSFORMERS 4 3D	KL. 5:50-9:10
EDGE OF TOMORROW 2D	KL. 10:10

SAFIR AKUREYRI

CHEF	KL. 8-10:20
TAMMY	KL. 8:15
TARZAN ISL. 2D	KL. 5:50
SABOTAGE	KL. 10:20
TRANSFORMERS 4 3D	KL. 5

TRYGGÐU PÉR MIÐ Á SAMBIO.IS



HAMINGJUSÖM Hjónin fara í brúðkaupsferð til Suður-Afríku. NORDICPHOTOS/GETTY

Í það heilaga

Tónlistarmaðurinn Adam Levine og fyrirsætan Behati Prinsloo giftu sig í Los Cabos í Mexíkó á laugardaginn.

Um þrjú hundruð gestir fögnuðu með turtildufunum, þar á meðal leikararnir Jonah Hill og Jason Segel og fyrirsæturnar Erin Heatherton og Candice Swanepoel. Behati klæddist brúðarkjól frá Marchesa.

Adam og Behati byrjuðu að deita í júní árið 2012. Þau hættu saman í stuttan stund en þegar þau byrjuðu aftur saman í fyrra var Adam fljótur að fara á skeljarnar.

Tilfinningar í bíl

BAKPANKAR Berglindar Pétursdóttur



Um daginn fór ég ein í bíltúr. Ekki eitthvað sem ég tek venjulega upp á, enda virkur þátttakandi í aðförinni að einkabílnum. Á þessum tiltekna tímapunkti fannst mér þetta þó vera eitthvað sem ég þyrfti að gera. Ég vissi ekkert hvert ég átti að keyra og innan fimm mínútna var ég komin á sjálfstýringu og lent aftur fyrir utan heimili mitt. Ég ræsti því einhverjar gamlar stýringar og keyrði sem leið lá í annað bæjarfélag, á æskuslóðir.

ÉG ÓLST upp í Hafnarfirði. Í næstu götu við Flensborgarskólann og Hamarinn. Þar sem ég brunaði framhjá glaðlegum Göflurum með litla Gaflara í barnavögnum fann ég minningarnar streyma fram. Ég er svo heppin að hafa átt dásamlega æsku. Ég ólst upp í lítilli götu þar sem bjuggu góðir krakkar sem flestir áttu góða foreldra og við lékum okkur fallega úti á miðri götu og leiðbeindum ökumönnum frá Reykjavík sem voru að leita að St. Jósefsspítala.

ÞAÐ VAR búíð að gera upp húsið sem hrekkjusvínið bjó í og mála húsið sem skrítta konan átti í mjög undarlegum lit. Búíð að rífa sjoppuna. Taka róloinn. Breyta í einstefnugötu. En samt var allt einhvern veginn eins. Kjarninn var sá sami.

OG MITT móðurlega eðli hugsaði til þriggja ára einkasonarins og minninganna sem við eigum eftir að eiga saman frá æskuheimili hans. Kannski mun hann eftir tuttugu ár vera í tilfinningalegu uppnámi og keyra Bergstaðastrætið til þess eins að sjá að það er búíð að rífa æskuheimili hans og byggja hótél. Þið vitid.

OG EF íbúar Selvogsgötu hafa séð mig öskurgrátandi úti í bíl fyrir nokkrum dögum vil ég bara láta vita að það er allt í lagi með mig, ég er bara uppfull af alls konar nýjum tilfinningum eftir að ég eignaðist barn. Og hef smá áhyggjur af miðbæ Reykjavíkur.

SVO VAR líka verið að spila Blue með Beyoncé í útvarpinu. Og Kári er minn Blue Ivy.

Varð leikari alveg óvart

Stórleikarinn James Garner lést á heimili sínu á laugardaginn, 86 ára að aldri. Hann vann fyrir sér sem fyrirseta á unglingsárunum og ætlaði aldrei að verða leikari. Hann skilur eftir sig eiginkonu, dóttur og stjúpdóttur.

Leikarinn James Garner lést á heimili sínu í Los Angeles á laugardaginn, 86 ára að aldri. Ekki er ljóst hver dánarorsökin var en James fékk alvarlegt heilablóðfall árið 2008 og sást sjaldan opinberlega eftir það.

James Scott Bumgarner fæddist þann 7. apríl árið 1928 í Norman í Oklahoma í Bandaríkjunum. Móðir hans lést þegar hann var fjögurra ára og þá fluttist hann með bræðrum sínum tveimur til ættingja sinna. Á unglingsárunum flutti hann til föður síns í Los Angeles og hætti í miðskólanum í Hollywood til að sinna fyrirsætustörfum fyrir Jantzen-baðfót.

„Ég hafði ekki áhuga fyrr en ég heyrði að þeir borguðu 25 dollara á tímann. Það var meira en skólastjóri þénaði,“ sagði James í sjálfsævisögu sinni The Garner Files sem kom út árið 2011.

James sinni herskyldu í fjórtán mánuði og barðist í Kóreustríðinu. Fyrir frammistöðu sína var hann heiðraður með tveimur fjöluþláum hjörtum, orðu sem þeir sem særast eða látast í bardaga fá.

James var frekar ómannblendinn og sagðist hvorki hafa áhuga á leiklist né sótti hann leiklistarnám. Hann flæktist í bransann alveg óvart þegar vinur hans, Paul Gregory, bauð honum hlutverk án orða í Broadway-leikritinu The Caine Mutiny og skartaði Henry Fonda og Lloyd Nolan í aðalhlutverkunum.

„Ég lærði að hlusta. Vandamálið með marga leikara er að þeir bíða eftir línunum sínum, bíða eftir að þeir geti talað. Þú verður hluti af verkinu ef þú hlustar. Ég lærði að gera aldrei ráð fyrir neinu. Það hjálpaði mér mikið sem leikara,“ sagði James í viðtali við Archive of American Television árið 1999.

James komst á samning hjá Warner Bros og fékk ýmis hlutverk árið

Ég lærði að hlusta. Vandamálið með marga leikara er að þeir bíða eftir línunum sínum, bíða eftir að þeir geti talað. Þú verður hluti af verkinu ef þú hlustar. Ég lærði að gera aldrei ráð fyrir neinu. Það hjálpaði mér mikið sem leikara.

James Garner

1956. Árið eftir landaði hann hlutverk sem hinn hnyttni kvennaljómi Bret Maverick í sjónvarpsþáttunum Maverick. Árið 1962 var honum sagt upp í kjölfar verkfalls handritshöfundna. Þá kallaði kvikmyndabransinn og lék hann í myndum á borð við The Great Escape, Grand Prix og Hour of the Gun. Árið 1974 fékk hann síðan hlutverk einkaspæjarans Jim Rockford í sjónvarpsþáttunum The Rockford Files. James hlaut tilnefningu til Emmy-verðlaunanna sem besti leikari fyrir Rockford í fimm ár í röð og fékk verðlaunin árið 1977. Hann lék í eigin áhættuatriðum og var því þjakaður af hnég og bakmeiðslum. Hann yfirgaf þáttinn árið 1980 og Universal fór í mál við hann. Síðar fór hann í mál vegna hagnaðar af endursýningum og tók mörg ár að útkljá það.

James átti farsælan feril í leiklistinni. Hann fékk tilnefningu til Golden Globe-verðlauna árið 1984 fyrir sjónvarpsmyndina Heartsounds og fékk tilnefningu til Óskarsverðlauna árið 1985 fyrir Murphy's Romance. Síðasta stórmyndin sem hann fór með veigamikni hlutverk í var The Notebook frá árinu 2004. Í henni lék hann Duke. Í sjónvarpi hlaut hann Emmy-verðlaunin árið 1987 fyrir Promise og Golden Globe-verðlaunin fyrir Decoration Day árið 1990 og Barbarians at the Gate þremur árum síðar.

James skilur eftir sig eiginkonuna Lois Clarke en þau höfðu verið gift í 56 ár. Þá skilur hann einnig eftir sig dóttur og stjúpdóttur.

liljakatrin@frettabladid.is

EINKASPÆJARI James Garner í hlutverki sínu sem einkaspæjarinn Jim Rockford.



56 ÁRA HJÓNABAND James með eiginkonu sinni Lois Clarke.

Verðlaunaleikari

Óskarinn
Tilnefningar: 1
Verðlaun: 0

Golden Globe
Tilnefningar: 12
Verðlaun: 3

Primetime Emmy
Tilnefningar: 14
Verðlaun: 2

Screen Actors Guild
Tilnefningar: 4
Verðlaun: 1 (fyrir ævistarfið)



BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svafni.

39"

39" Full HD sjónvarp

TILBOÐ

69.989

FULLT VERÐ 89.989

UNITED

UNITED LED39X16T2
39" FHD sjónvarp með háskerpu 1920x1080p upplausn og Progressive Scan. Stafrænn DVB-T2 móttakari. USB tengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG. 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartöls- og RCA tengi.

Ódýr 5" farsími

TILBOÐ

24.989

FULLT VERÐ 29.989



KAZAM

Kazam TROOPERX50
5,0" TFT Dual core farsími með 512MB RAM og 4GB innra minni. Myndavél og vídeóupptaka. Tekur 2 x SIM kort. Styður microSD. 300 klst í bið og 10 klst í tal. 3G, útlarp, WiFi, GPS, Bluetooth, USB. Android Jellybean 4.2.

FRÍ HEIMSENDING HVERT Á LAND SEM ER Í JÚLÍ!

185 sm frystiskápur

TILBOÐ

89.989

FULLT VERÐ 119.989

KitchenAid Classic

TILBOÐ

59.989

FULLT VERÐ 69.989

500w matvinnsluvél

Ariete



TILBOÐ

6.989

FULLT VERÐ 9.989

Ariete 1784
Einföld og góð
500w matvinnsluvél
með 2ja lítra skál.
2 hraðar og puls
möguleiki. Stál
hnífur.

VESTFRÖST

Vestfrost CW390F
185sm frystiskápur með 254L
frysti og hraðfrystingu. 5 glærar
skúffur. 2 hillur. Orkuflokkur A+.
26kg frystigea á dag. Frystigea
eftir straumrof 16 klst. Mál
(hxbxd): 185x60x63sm.

KitchenAid

Kitchenaid K45

250w Classic hrærivél með
10 hraðastillingum og 4.2
lítra skál. Peytari, hrærari og
hnoðari fylgja. 2 ára ábyrgð.

Uppþvottavél til innbyggingar

BEKO

Beko DIN1530
12 manna uppþvottavél til innbyggingar. 5 kerfi. Hraðkerfi.
Seinka má byrjun. Hitaelement. Þvott hæfni A. Orkuflokkur A.
Purrketa A. Stærð (BxHxD): 59,5x82-88x55 sm.

TILBOÐ

49.989

FULLT VERÐ 69.989

3D Blu-Ray heimabið

TILBOÐ

69.989

FULLT VERÐ 89.989

PHILIPS

Philips HTB3540

5,1 heimabiðkerfi með 3-D Blu-Ray spilara og 1000w RMS Digital magnara. Bassabox. Double Bass Sound. Progressive Scan. DTS-HD og Dolby TrueHD Surround Sound. Video uppskölun í 720p/1080i/1080p. NET TV / SimplyShare. RDS FM útlarp með 40 minni o.fl.

max.is

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og verðbreytingar.

Sannfærandi sigur hjá Rory í Liverpool

GOLF Rory McIlroy varð í gær þriðji yngsti kyllingurinn í sögunni til þess að vinna þrjá af fjórum stærstu titlum sem keppt er um í golfi þegar hann sigraði Opna breska meistaramótið. Rory lék lokahringinn á einu höggi undir pari sem dugði honum þrátt fyrir stórsök frá spænska kyllingnum Sergio Garcia.

Fyrir daginn var Rory með sex högga forskot á næsta mann og hafði engin veikamerki sýnt. Garcia var



hins vegar ekki á því að gefast upp og minnkaði muninn niður í tvö högg á tíundu holu. Það virtist hins vegar vera vakningin sem Rory þurfti. Hann setti aftur í gír og hélt forskotinu það sem eftir lifði hringins. Í heildina lék Rory á sautján höggum undir pari á mótinu.

Með sigrinum í gær hefur Rory sem er aðeins 25 ára unnið þrjá af fjórum stærstu titlum sem í boði eru í golfi. Eina mótið sem eftir stendur er Masters-mótið sem fer fram á Augustavellinum á ári hverju. - kpt

Rosberg sigraði á heimavelli

FORMÚLA 1 Nico Rosberg á Mercedes kom fyrstur í mark í þýska kappakstrinum í Formúlunni í gær. Sigurinn var gríðarlega sætur fyrir Rosberg sem fæddist í Wiesbaden sem er aðeins rúmlega 100 kílómetrum frá Hockenheim-brautinni þar sem kappaksturinn fór fram í gær. Sigurinn í gær var öruggur en Rosberg var fremstur í ræsingunni og hélt öruggu forskoti allt til loka. Tryggði Rosberg Mercedes fyrsta sigur liðsins í þýska kappakstrinum í sextú ár, frá því að Juan Manuel Fangio kom fyrstur í mark á Mercedes árið 1954.

Liðsfélagi Rosberg hjá Mercedes, Lewis Hamilton, átti hins

vegar sennilega bestu frammistöðu dagsins. Honum var refsað fyrir að skipta um vél í bílnum í gær meðan á tímatökunni stóð og var hann í 20. sæti í upphafi aksturs. Með liprum akstri náði hann að vinna sig smátt og smátt upp listann og endaði hann á verðlaunapalli í þriðja sæti.

Rosberg er með fjórtán stiga forskot á liðsfélaga sinn hjá Mercedes, Hamilton, þegar keppnin er rúmlega hálfnuð. Daniel Ricciardo hjá Red Bull situr í þriðja sæti, sjöttú stigum á eftir Hamilton og eru möguleikar hans á heimsmeistaratitli ökuþóranna nánast úr sögunni.



ÁNÆGDUR Rosberg sigraði á heimavelli í Formúlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

1-4 **Vodafonevöllur** Áhorf: 832 **Erlendur Eiríksson (7)**

Mörkin: 0-1 Aron Bjarki Jónsson (28.), 0-2 Kjartan Henry Finnþósson (35.), 0-3 Almarr Ormarsson (37.), 1-3 Tonny Mawejje (40.), 1-4 Gary Martin (58.).

VALUR (4-3-3): Fjalur Þorgeirsson 5 - Billy Bernsson 5, Magnús Már Lúðvíksson 4, Mads Lennart Nielsen 4, Bjarni Ólafur Eiríksson 5 - Tonny Mawejje 6, Kristinn Freyr Sigurðsson 5 (71., Sigurður Egill Lárusson -), Iain James Williamson 5 - Kristinn Ingi Halldórsson 4 (60., Daði Bergsson 5), Kolbeinn Káráson 3 (46., Patrick Pedersen 5), Arnar Sveinn Geirsson 3.

KR (4-3-3): Stefán Logi Magnússon 6 - Haukur Heiðar Hauksson 6 (75., Egill Jónsson -), Grétar Sigfinnur Sigurðarson 6, Aron Bjarki Jónsson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 6 (60., Gunnar Þór Gunnarsson 5) - Jónas Guðni Sævarsson 6, Baldur Sigurðsson 7, Almarr Ormarsson 6 - Kjartan Henry Finnþósson 7, Gary Martin 8* (65., Þorsteinn Már Ragnarsson 5), Emil Atlason 6.

Skot (á mark): 8-10 (3-7) **Horn:** 4-4 **Varin skot:** Fjalur 3 - Stefán 2

0-0 **Pórsvöllur** Áhorf: 595 **Ivar Orri Kristjánsson (4)**

PÓR (4-5-1): Sandor Matus 8* - Sveinn Elías Jónsson 6, Atli Jens Albertsson 5 (57. Jóhann Þórhallsson 5), Orri Freyr Hjaltalín 5, Ingi Freyr Hilmarsson 4 - Hlynur Atli Magnússon 5, Ármann Pétur Ávarsson 5, Orri Sigurjónsson 5, Jóhann Helgi Hannesson 5, Sigurður Marinó Kristjánsson 5 (68. Kristinn Þór Björnsson -) - Chukwudi Chijindu 7.

KEFLAVÍK (4-5-1): Jonas Sandqvist 6 - Magnús Þórir Matthíasson 5, Aron Jafetsson 5, Einar Orri Einarsson 5, Unnar Már Unnarsson 5 - Jóhann Birnir Guðmundsson 5 (60. Magnús Þorsteinsson 5), Bojan Ljubicic 5 (82. Sigurbergur Elísson -), Sindri Snær Magnússon 6, Frans Elvarsson 5 (71. Paul McShane -), Elías Már Ómarsson 7 - Hörður Sveinsson 5.

Skot (á mark): 10-12 (3-5) **Horn:** 8-7 **Varin skot:** Sandor 5 - Jonas 3

2-0 **Hásteinsvöllur** Áhorf: 441 **Póroddur Hjaltalín (5)**

Mörkin: 0-1 Víðir Þorvarðarson (5.), 0-2 Jonathan Glenn (92.).

ÍBV (4-3-3): Abel Dahira 5 - Jökull Elísabetarson 6, Eiður Aron Sigurbjörnsson 7, Brynjar Gauti Guðjónsson 7*, Matt Garner 6 - Gunnar Þorsteinsson 7, Ian Jeffs 6, Atli Fannar Jónsson 6 - Víðir Þorvarðarson 6 (82., Arnar Bragi Bergsson -), Jonathan Glenn 6, Dean Martin 6 (82., Jón Ingason -).

FRAM (4-3-3): Hörður Fannar Björgvinsson 4 - Orri Gunnarsson 5, Ingiberg Ólafur Jónsson 5, Tryggvi Sveinn Bjarnason 5, Ósvald Jarl Traustason 6 - Jóhannes Karl Guðjónsson 5, Hafsteinn Briem 5 (41., Aron Þórður Albertsson 4), Viktor Bjarki Arnarsson 5 - Haukur Baldvínsson 4 (71., Aron Bjarnason), Alexander Már Þorláksson 4 (58., Ásgeir Marteinsson), Arnþór Ari Atlason 4.

Skot (á mark): 8-7 (6-3) **Horn:** 4-6 **Varin skot:** Abel 3 - Hörður 4

1-3 **Fylkisvöllur** Áhorf: 846 **Kristinn Jakobsson (6)**

Mörkin: 0-1 Arnar Már Björgvinsson (35.), 0-2 Rolf Toft (37.), 1-2 Ásgeir Örn Arnþórsson (37.), 1-3 Niclas Vemmelund.

FYLKIR (4-3-3): Björn Hákon Sveinsson 4 - Stefán Ragnar Guðlaugsson 4, Kristján Valdimarsson 5, Ásgeir Eyþórsson 5, Tómas Jod Þorsteinsson 5 - Elís Rafn Björnsson 5, Oddur Ingi Guðmundsson 6, Ásgeir Örn Arnþórsson 5 (80. Arnar Bragi Magnússon -) - Gunnar Örn Jónsson 4 (46. Albert Brynjar Ingason 6), Andrew Sousa 4 (64. Kjartan Ágúst Breiðdal 6), Andrés Már Jóhannesson 6.

STJARNAN (4-3-3): Xngvar Jónsson 8 - Niclas Vemmelund 6, Martin Rauschenberg 7, Daniel Laxdal 7, Hörður Árnason 6 - Michael Þráest 7, Atli Jóhannsson 5 (46. Snorri Páll Blöndal 6), Pablo Punyed 5 (80. Þorri Geir Rúnarsson -) - Atli Freyr Ottesen 4 (60. Jóhann Laxdal 6), Arnar Már Björgvinsson 8, Rolf Toft 7.

Skot (á mark): 17-6 (4-4) **Horn:** 5-7 **Varin skot:** Björn 1 - Ingvar 5



Í KLÓNUM Zak Cummings átti litla möguleika gegn Gunnari eftir að Gunnar náði honum í gólfið í annari lotu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Næst keppi ég við einn af þeim bestu

Gunnar Nelson er enn ósigraður í UFC eftir að hann hengdi Bandaríkjamanninn Zak Cummings í annari lotu á bardagavöldi í Dublin. Gunnar segir að nú sé kominn tími til að hann sláist við stóru strákana í hans flokki.

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is
Frá Dublin



MMA „Ég gerði ein mistök og hann nýtti sér þau. Gunnar er mjög góður. Hann er afar klókur og auðmjúkur sigurvegari,“ sagði Zak Cummings eftir að hafa tapað fyrir Gunnari Nelson á UFC-kvöldi í Dublin.

Eftir rólega fyrstu lotu keyrði Gunnar upp hraðann í næstu lotu, náði Cummings í gólfið og kláraði hann fljótt. Ótrúlegur bardagi og er Gunnar nú búinn að keppa fjórtán sinnum í MMA án þess að tapa. Hann gerði jafntefli í fyrsta bardaga sínum árið 2007 en síðan hefur hann pakkað andstæðingum sínum saman.

„Ég vissi að þetta væri reyndur glímumaður og það sýndi sig. Hann vissi vel hvað hann var að gera og varðist vel. Hann hélt mér frá sér og það tók mig tíma að lesa í hann. Ég pressaði hann meira í annari lotu og þá kom þetta. Það hefði verið gott að klára fljótt en það sem er mikilvægara er að klára bardaga örugglega. Ég passa upp á að fara ekki of geyst,“ segir Gunnar en það sé ekki á honum eftir bardagann.

Stemmingin í 02 Arena var

hreit rosaleg á kvöldinu og vanir menn sögðust aldrei hafa komið í aðra eins stemningu. Er Conor McGregor vann lokabardagann sturlaðist allt og menn fleygðu björglósunum upp í loft. Það flugu hundruð lítra af bjór út um allt.

„Ég hef aldrei upplifað annað eins. Lætin og orkan í áhorfendum var ótrúleg. Þetta var alveg fáránlegt. Ég tek venjulega ekki of mikið eftir áhorfendum en þetta var eins og á risastórum fótoltavelli þar sem allt var truflað,“ segir Gunnar en mest mældist hávaðinn 111 desibel en á rokktonleikar ku það vera 110 desibel. Þetta var alvör.

Írarnir gjörsamlega elska Gunnar og hann fékk frábæran stuðning úr stúkunnni. „Ég hef verið svo mikið herna að það er fullt af fólki hér sem taldi mig vera írskan en ég veit ekki hvort það er þannig enn í dag,“ segir Gunnar og glottir.

Nú spyrja menn hvað biði Gunnars næst. Hann vill fá að reyna sig gegn einhverjum af þeim bestu í sínum flokki en forseti UFC, Dana White, segist vilja bíða aðeins með Gunnar.

„Hann sagðist ekki vera hlynntur því að rífa svona unga menn strax upp. Mér finnst þetta hafa verið nógu hægt og ég held að næsti bardagi verði gegn einum af fimm bestu. Ég held að það sé ekki spurning og ég hugsa að Dana verði við bón minni.“

Gunnar og þrír Írar sem börðust á laugardag eru undir handleiðslu þjálfarans John Kavanagh og allir strákarnir hans unnu. Gunnar ber Kavanagh afar vel söguna.

„Ég hef aldrei farið í eins góðar æfingabúðir og fyrir þennan bardaga. John er þjálfarinn. Ég hef alltaf vitað það og núna vita fleiri það. Hann er snillingur og klár í að vinna með ólíkum mönnum. Hann á mikið í mér og ég tók mikið frá honum,“ sagði Gunnar sáttur við þjálfarann sinn.



Shakespeare's Globe á Íslandi

Hamlet

eftir William Shakespeare

Fyrsta leikhúsuppfærslan í Eldborg

23. júlí kl. 19:30

Tryggðu þér miða í síma 528 5050, á midi.is og harpa.is

www.harpa.is/hamlet

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

FH í viðræðum við NEC Nijmegen

FÓTBOLTI Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, staðfesti í samtali fyrir íþróttadeild 365 í gær að FH-ingum hefði borist tilboð í Kristján Gauta Emilsson frá NEC Nijmegen í Hollandi. Félagið er að skoða tilboðið en það er enn langur vegur í að málið væri í höfn og óvíst hvernig því myndi lykta.

Ef félagin komast að samkomulagi og Kristján Gauti semur við félagið verður það í annað sinn sem hann fer í atvinnumennsku en hann er aðeins 21 árs gamall. Kristján gekk til liðs við Liverpool

þegar hann var sextán ára gamall en sneri aftur til FH á síðasta ári.

Það er hinsvegar ljóst að verði það niðurstaðan að Kristján Gauti yfirgefi FH í glugganum þurfi félagið að leita að öðrum framherja. Félagið samþykkti í gær að Albert Brynjar Ingason færi á láni til Fylkis. Það liggur því fyrir að yfirgefi Kristján Gauti FH þá þurfi félagið að leita að nýjum framherja.

Jón Rúnar vildi að öðru leyti ekki tjá sig frekar um málið og sagði að það væri í vinnslu og að slík mál tækju sinn tíma. - kpt



Á FÖRUM Kristján Gauti hefur verið frábær á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR



Nýr og öflugur Liðsstyrkur

Sportþrenna fyrir liði og brjósk

Sportþrenna Liðleiki er ætluð þeim sem stunda hreyfingu og íþróttir að staðaldri. Sportþrenna Liðleiki stuðlar að virku ónæmiskerfi, styður við heilbrigði liða og brjósks við og eftir erfiða líkamlega áreynslu.

> HREYFING > LIÐIR > LÍKAMSRÆKT



www.lysi.is

STÖÐ 2 KL. 20.10

Kjarnakonur

Vandaðir Íslenskir þættir í umsjá Kolbrúnar Björnsdóttur. Hér ræðir Kolla við konu sem stýra Íslenskum fyrirtækjum og kynnist þeim í gegnum líf þeirra og störf.



Í KVÖLD



Mindy Project

STÖÐ 2 KL. 19.50 Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu. Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkinn flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.



Spanglish

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 19.50 Rómantísk og einkar ljúf gamanmynd. Myndin fjallar um ráðsetta fjölskyldu í Los Angeles sem ákveður að ráða til sín húsfreyju og barnapjú frá Mexíkó. Reynist hún vera ung, bráðmyndarleg einstæð móðir sem hefur dóttur sína með sér.



Two and a Half Men

STÖÐ 2 GULL KL. 19.40 Í þessari níundu röð hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men dregur heldur betur til tíðinda, en serían er sú fyrsta þar sem Ashton Kutcher mætir til leiks í stað Charlie Sheen sem var eftirminni-lega rekinn úr þáttunum.

BYLGJAN KL. 13-16

Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu kl. 13-16 alla virka daga. Hann fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið ásamt því að gefa þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.



Fylltu símann, spilarann og spjaldtölvuna af gæðatónlist fyrir sumarfríið!

25% afsláttur af allri tónlist



Nú er tækifæri til að fylla á allar vélar og þeysast út í náttúruna



Tónlist.is

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.00 Malcolm in the Middle (21:22)
- 08.25 2 Broke Girls (8:24)
- 08.45 Anger Management (8:10)
- 09.10 Bold and the Beautiful (6402)
- 09.30 Doctors (19:175)
- 10.10 School Pride (4:7)
- 10.55 The Crazy Ones (5:22)
- 11.15 Kolla
- 11.45 Falcon Crest (25:28)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Cold Feet (2:6)
- 13.50 American Idol (9:39)
- 15.15 ET Weekend (44:52)
- 16.00 The Big Bang Theory (5:24)
- 16.25 Frasier (8:24)
- 16.45 How I Met Your Mother (9:24)
- 17.10 Bold and the Beautiful (6402)
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan (17:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Sjálfstætt fólk
- 19.50 Mindy Project (8:24)
- 20.10 Kjarnakonur
- 20.35 Nashville (21:22) Önnur sería þessara frábæru þátta sem fjalla um kántrí-söngkonuna Rayna og ungstirni Juliette Barnes og tónlistin leikur stórt hlutverk. Í síðustu þáttaröð reyndu þær fyrir sér í samstarfi til að lifga upp á feril þeirra beggja. Eins hefur mikið gengið á bæði í starfi og einkalífi beggja. Með aðalhlutverk fara Connie Britton úr American Horror Story og Heyden Panettiere.
- 21.20 The Leftovers (4:10) Spennuþættir frá HBO þar sem hópur fólks hverfur skyndilega sporlaust af jörðinni og við fylgjumst með þeim sem verða eftir. Þættirnir eru byggðir á sögu Toms Perotta frá árinu 2011. Með aðalhlutverk fara Juston Theroux, Liv Tyler, Christopher Eccleston og Ann Dowd.
- 22.10 Crisis (7:13)
- 22.55 Looking (3:8)
- 23.20 Anger Management (15:22)
- 23.45 White Collar (6:16)
- 00.30 Orange is the New Black (6:14)
- 01.30 Burn Notice (6:18)
- 02.15 This Means War
- 03.50 Howl
- 05.15 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00 Fylkir - Stjarnan
- 15.10 Fylkir - Stjarnan
- 17.00 NBA Special. 1984
- 18.10 Demantamóti Útsending frá Demantamóti í frjálsum íþróttum sem fram fer í Mónakó.
- 20.10 Fylkir - Stjarnan
- 22.00 Pepsimörkin 2014
- 23.15 KR - Celtic
- 01.00 Pepsimörkin 2014

SPORT 2

- 14.10 Sol Campbell
- 14.40 Belgía - Alsír
- 16.25 Rússland - Suður-Kórea
- 18.05 Stoke - Liverpool
- 19.50 Brasilía - Mexíkó
- 21.30 Kamerún - Króatía
- 23.15 Arsenal - Norwich

INN

- 20.00 Frumkvöðlar, Frumkvöðlar taka ekki sumarfrí 20.30 Heilsuþáttur INN, Sölvi Tryggvason á heilsuþóttarslóðum 3. þáttur
- 21.00 Golf, samantekt um Íslandsmótið í hólukleppi 21.30 Til framtíðar, þáttaröð um líffeyrissjóðina. Umsjón Þórhallur Jósefsson

STÖÐ 3

- 17.30 Grand Designs (12:12)
- 18.20 Hart of Dixie (22:22)
- 19.00 The Amazing Race (3:12)
- 19.45 Bleep My Dad Says (14:18)
- 20.10 Time of Our Lives (9:13)
- 21.10 The Glades (5:10)
- 21.50 The Vampire Diaries (2:23)
- 22.30 Pretty Little Liars (21:25)
- 23.10 Nikita (22:22)
- 23.55 Terminator: The Sarah Connor Chronicles (7:22)
- 00.40 The Amazing Race (3:12)
- 01.25 Bleep My Dad Says (14:18)
- 01.45 Time of Our Lives (9:13)
- 02.45 The Glades (5:10)
- 03.30 The Vampire Diaries (2:23)
- 04.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

Krakkastöðin

- 07.00 Lína langsokkur 07.25 Latibær 07.47 Hvellur keppnisbíl 08.00 Dóra könnuður 08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 08.45 Dóddi litli og Eyrnastór 08.55 Rasmus Klumpur og félagar 09.00 Áfram Diego, áfram! 09.24 Svampur Sveins 09.45 Elías 09.55 UKI 10.00 Ofurhundurinn Krypto 10.22 Ljótí andarunginn og ég 10.44 Ávaxtakarfan - þættir 11.00 Lína langsokkur 11.24 Latibær 11.47 Hvellur keppnisbíl 12.00 Dóra könnuður 12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 12.45 Dóddi litli og Eyrnastór 12.55 Rasmus Klumpur og félagar 13.00 Áfram Diego, áfram! 13.24 Svampur Sveins 13.45 Elías 13.55 UKI 14.00 Ofurhundurinn Krypto 14.25 Ljótí andarunginn og ég 14.47 Ávaxtakarfan - þættir 15.00 Lína langsokkur 15.24 Latibær 15.47 Hvellur keppnisbíl 16.00 Dóra könnuður 16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 16.45 Dóddi litli og Eyrnastór 16.55 Rasmus Klumpur og félagar 17.00 Áfram Diego, áfram! 17.24 Svampur Sveins 17.45 Elías 17.55 UKI 18.00 Ofurhundurinn Krypto 18.25 Ljótí andarunginn og ég 18.47 Ávaxtakarfan - þættir 19.00 Strumpanir 2 20.45 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 17.35 Strákarnir
- 18.05 Friends (21:24)
- 18.30 Seinfeld (14:22)
- 19.15 Modern Family (14:24)
- 19.40 Two and a Half Men (9:24)
- 20.05 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Eldsnögg með Jóa Fel (11:12)
- 21.00 Breaking Bad
- 21.50 Sisters (9:22)
- 22.35 The Newsroom (2:9)
- 23.30 Rita (8:8)
- 00.10 Lærkevej (6:12)
- 00.55 Sjálfstætt fólk
- 01.25 Eldsnögg með Jóa Fel (11:12)
- 01.55 Breaking Bad
- 02.40 Sisters (9:22)
- 03.25 The Newsroom (2:9)
- 04.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

BÍÓSTÖÐIN

- 10.20 Bridges of Madison County
- 12.35 Glee: The 3D Concert Movie
- 14.00 Spanglish
- 16.10 Bridges of Madison County
- 18.25 Glee: The 3D Concert Movie
- 19.50 Spanglish
- 22.00 Compliance
- 23.30 Thick as Thieves
- 01.10 Sleeping Beauty
- 02.50 Compliance

RÚV

- 16.35 Herstöðvarlíf (21:23)
- 17.18 Babar og vinir hans (3:15)
- 17.40 Engilbert ræður (68:78)
- 17.48 Grettir (36:46)
- 18.02 Skúli skelfir (3:26)
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Brúnsósulandið (2:8) (Landet brunsás)
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir Íþróttir dagsins í máli og myndum.
- 19.35 Attenborough: Furðudýr í náttúrunni - Hrukudýr og æskuljómi. (3:5) (David Attenborough's Natural Curiosities) David Attenborough leitar uppi furðuverur náttúrunnar og leitar skýringu á lögun þeirra og atferli.
- 20.00 Sitthvað skrítið í náttúrunni (3:3) (Nature's Weirdest Events)
- 20.55 Berlínarsaga (1:6) (Weissensee Saga II) Sagan gerist í Austur-Berlín á níunda áratug síðustu aldar og segir frá tveimur fjölskyldum. Önnur er höll undir Stasi en í hinni er andófsfólk.
- 21.45 Íslenskar stuttmyndir (In Memoriam) Janusz á erfitt uppráttar eftir að móðir hans sviptir sig lífi. Stuttmynd eftir Hauk M. og hafnaði í þriðja sæti á Stuttmyndadögum í Reykjavík árið 2011. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Kvöldstund með Jools Holland (5:10) (Later with Jools Holland)
- 23.20 Brúin (3:10) (Broen II)
- 00.20 Fréttir
- 00.30 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 14.30 Dr. Phil
- 15.10 Dr. Phil
- 15.50 Dr. Phil
- 16.30 Kirstie (1:12)
- 16.55 Catfish (4:12)
- 17.40 America's Next Top Model (5:16)
- 18.25 Rookie Blue (7:13)
- 19.10 King & Maxwell (1:10)
- 19.55 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course (3:20)
- 20.20 Top Gear USA (9:16)
- 21.10 Inside Men - NÝTT (1:4) Bresk smáþáttaröð um vopnað rán sem framíð er í peningagæmslu í Bristol, Bretlandi. Söguþráðurinn fjallar um þrjá starfsmenn peningagæmslunnar og aðdraganda þess að þeir leggjast út í slíkt risarán á sínum eigin vinnustað en þær innherjaupplýsingar sem þeir einir hafa aðgang að auðvelda vissulega glæpinna enda tekst þeim ætlunarverkið. Þættirnir fengu mikið lof gagnrýnenda þegar þeir voru sýndir í Bretlandi.
- 22.00 Leverage (12:15)
- 22.45 Nurse Jackie (4:10)
- 23.15 Californication (4:12)
- 23.45 Agents of S.H.I.E.L.D. (14:22)
- 00.30 Scandal (4:18)
- 01.15 Beauty and the Beast (16:22)
- 02.00 Leverage (12:15)
- 02.45 The Tonight Show
- 03.30 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 The Open Championship
- 14.00 LPGA Tour 2014
- 16.00 Inside The PGA Tour 201
- 16.25 The Open Championship
- 16.55 The Open Championship
- 17.25 Golfing World 2014
- 18.15 The Open Championship

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro

FM 90,1

- Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

FM 95,7

- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7

- X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5

- K100
- FM 102,2 Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin

ÞORSKHNAKKAR

1.890 **KR/KG**

FISKIBOLLUR

2 FYRIR 1

**2 kg
1.500 kr**

KINNAR

2 FYRIR 1

**2 kg
1.000 kr**

SKATA

**KÆST OG
SÖLTUÐ**

**1 kg
799 kr**

**NÝ BAKAÐ
RÚGBRAUÐ**

HUMARSÚPA



FISKIKÓNGURINN
HÖFÐABAKKA 1
v/Gullinbrú
SÍMI 555 2800



FISKIKÓNGURINN
SOGAVEGI 3
SÍMI 587 7755

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Lagið Happy með Pharrell því það hjálpar manni að fá fram innri gleðina í þessari endalausri rigningu.“

Svava Johansen, athafnakona

Götuútgáfa af vinsælum réttum

Matgæðingurinn Ólafur Örn Ólafsson blæs til matarhátíðar næsta laugardag en hann segir mikilvægt að hafa alla flórana af veitingastöðum að gera sitt.

„Ég fór til Brussel í fyrra og lenti á svo rosalegum matarmarkaði á götuhátíð sem mér fannst svo skemmtilegur að ég varð að koma þessu á fót hérna heima,“ segir Ólafur Örn Ólafsson sem blæs til matarhátíðar næsta laugardag í Fógetagarðinum.

„Hugmyndin er þannig að fólk geti komið, sest niður og fengið sér vín í glas og smakkað mismunandi mat,“ segir Ólafur en það verða tólf veitingastaðir sem

koma og gera svokallaða götuútgáfu af sínum réttum. „Mér finnst dálítið skemmtilegt að hafa toppendann eins og Grillið og Kol og síðan Momo Ramen og þá staði sem gera svona götumat vanalega,“ segir matgæðingurinn. „Það er svolítið atriði að hafa alla flórana af veitingastöðum og allir að gera götuútgáfu af matnum, eins og finu staðirnir þurfa að nota sérstaka tækni til þess að gera sælkeraréttina, og

það verður spennandi að sjá hvað kemur út úr því.“

Matarhátíðin fer fram næsta laugardag á milli klukkan 13 og 18 og stefnir Ólafur að því að halda matarhátíðir alla laugardaga út sumarið. „Síðan verður breytilegt hvaða staðir verða hverju sinni, sumir verða stutt en aðrir allan tímann en örugglega ekki alltaf með sama matinn,“ segir Ólafur. „Matreiðslumenn eru svo kreatív stétt.“



MIKLIR MATGÆÐINGAR Gerður Einarsson dóttir og Ólafur Örn. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

FAHAND SIRKUS ÍSLANDS
— TJALDAR ÖLLU TIL —
REYKJAVÍK - ÍSAFJÖRDUR - AKUREYRI - SELÞÖSS - REYKJAVÍK

REYKJAVÍK TIL
13. JÚLÍ

ÍSAFJÖRDUR
16.-20. JÚLÍ

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
WWW.SIRKUSISLANDS.IS

Coca-Cola **TVG-ZIMSEN**

Reykjavík **mid.is** **FLUGFELAG ÍSLANDS**



NEIKVÆÐNI BORGAR SIG EKKI

Pau Pétur og Póra María eru jákvæð að eðlisfari. Á myndina vantar Heiðar Inga en hann var staddur úti á landi þegar ljósmyndara bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

Sömdu sumarsmell í skugga rigningar

Pétur Eggerz Pétursson, Póra María Rögnvaldsdóttir og Heiðar Ingi Árnason skipa hljómsveitina Allir en sveitin sendi nýverið frá sér sitt fyrsta lag.

„Við vildum bara gera eitthvað hresst svona á meðan það rignir endalaust á okkur,“ segir tónlistarmaðurinn Pétur Eggerz Pétursson, en Pétur gaf nýverið út lagið Hendur upp í loft ásamt þeim Heiðari Inga Árnasyni og Þóru Maríu Rögnvaldsdóttur. Saman skipar tríóið hljómsveitina Allir og er Hendur upp í loft fyrsta lag sveitarinnar en um sannkallaðan sumarsmell er að ræða.

Pau Pétur, Heiðar og Þóra María komu fyrst fram í sjónvarpsþáttunum Tossunum sem sýndir voru á Stöð 2 í fyrra en þar var rætt við ungt fólk sem ekki fann sig í hinu hefðbundna íslenska skólakerfi.

Pétur er ánægður með nýja lagið en hann segir þörf á jákvæðari tónlist frá íslensku tónlistarfólki.

„Íslenska senan er oft á tíðum frekar niðurdrepanni. Við vildum breiða út jákvæðari boðskap og sýna að það þarf ekki að eiga endalaus pening til þess að vera hamingjusamur og töff. Það

„Íslenska senan er oft á tíðum frekar niðurdrepanni. Við vildum breiða út jákvæðari boðskap og sýna að það þarf ekki að eiga endalaus pening til þess að vera hamingjusamur og töff.“

Pétur Eggerz Pétursson

Hendur upp í loft

Það þarf mikið til að drepa lífsandann í mér, já, hamingjan hún eltir mig hvert sem ég fer. Ég er glaður maður og verð ég alltaf, hamingjusamur og þarf ekki að kvarta. Pollyanna, Pétur Pan, lífið er gott svo nýttu það. Eitt ský á himni og ég ætla að læra að elska það. Ég dýrka hvað það eru margir í bænum, sumar, sól, fullt af hönum og hænum.

eiga allir að vera glaðir í eigin skinni,“ segir Pétur, og bætir við að sólin fari eflaust að láta sjá

Vont skap og hroki, þetta er ekki arfgennt, og góða skapið þarf ekki að vera staðgreitt. Sumir þurfa risastóra felgu til að gleðja sig, en ég þarf bara að brosa kallinn minn, ertu að skynja mig?

Set hendurnar upp í loft
Því lífið er svo fokking gott
Aaúúúú aaaa
Bara það að vera til
Er það eina sem ég vil
Aaaúúú aaaa

sig nú þegar sumarsmellurinn er kominn út.

kristjana@frettabladid.is

Efndi til hópsöfnunar fyrir náminu

Klāvs Liepiņš er ungur og efnilegur dansari frá Lettlandi sem stundar dansnám við Listaháskólann en á ekki fyrir skólagjöldum þrátt fyrir að vinna á næturnar.

„Mér standa allar dyr opnar en það er bara peningaleysi sem stendur í vegi fyrir mér,“ segir lettneski dansnemandinn Klāvs Liepiņš en hann stundar nám í Listaháskóla Íslands og stefnir að því að útskrifast af dansbraut skólans árið 2016. Klāvs hefur átt í erfiðleikum með að fá námslán frá heimalandi sínu og vinnur því á næturnar til þess að eiga fyrir upphaldskostnaði. „Ég starfa sem dansari, danshöfundur og vinn sem barþjónn þar sem ég reyni að taka eins margar vaktir og ég get en launin duga bara fyrir leigu og mat,“ segir Klāvs sem á því ekki nóg fyrir skólagjöldunum í Listaháskólann. „Ég hef bara verið á Íslandi í eitt ár en Listaháskólinn

hefur breytt mér og danstækninni svo mikið á stórkostlegan hátt,“ segir ungi dansarinn sem hóf dansferil sinn 19 ára gamall og hefur síðan stundað nám í þremur skólum en áður en hann kom til Íslands stundaði hann dansnám við Listaháskóla Lettlands. „Ég get ekki lifað án þess að dansa og mig langar svo mikið til þess að halda áfram að læra hér.“

Klāvs er virkilega áhugasamur um dansinn en auk þess semur hann tónlist og hefur verið í samstarfi við marga ólíka listamenn og vinnur mikið af svonefndum vídeoverkum þar sem hann semur dansinn fyrir verkið og tónlistina undir. Hann fór af stað með hópsöfnun á



LIFIR FYRIR DANSINN

Klāvs segir dansnámið á Íslandi hafa bætt sig til muna. MYND/ÚR EINKASAFNI

netinu til þess að geta haldið áfram námi sínu í Listaháskólanum og geta áhugasamir kynnt sér hinn efnilega Klāvs á heimasíðunni <http://www.gofundme.com/dontlettakeawayhisfuture>.

- bp

SÍÐUSTU DAGAR LAGERSÖLU

útvistar- & golffatnaður



ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR



HERRA 2ja LAGA JAKKI
Verð nú kr. 17.495
Verð áður kr. 34.990



HERRA SUPER STRETCH PEYSA
Verð nú kr. 7.995
Verð áður kr. 15.990



HERRA 2ja LAGA GOLF JAKKI
Verð nú kr. 3.990
Verð áður kr. 15.990

NÝTT KORTATÍMABIL



DÖMU 2ja LAGA GOLF JAKKI
Verð nú kr. 9.990
Verð áður kr. 34.990



DÖMU HETTUPEYSA
Verð nú kr. 5.596
Verð áður kr. 13.990



LÉTTUR DÖMU JAKKI
Verð nú kr. 5.697
Verð áður kr. 18.990

**OPNUNARTÍMI
FACTORY STORE**

Virka daga
12:00 - 18:00
Laugardaga
11:00 - 17:00
Sunnudaga
13:00 - 17:00

FACTORY STORE

Nýbýlavegi 6 • 200 Kópavogi • Sími: 412 5869

ZO·ON
ICELAND
www.zo-on.is



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
 Vesturbergi og
 Arnarbakka



Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ásatrúarhjónavígsla

Stjórnukokkurinn Hrefna Rósa Sætran gekk að eiga sinn heittelskaða, ljósmyndarann Björn Árnason, um helgina. Hjónaefnin voru vígð að ásatrúarsíð í Hvalfirðinum. Hrefna geislaði á stóra daginn í smekklefum brúðarkjól sem Aftur-systurnar Hrafnhildur og Bára Hólmgeirsdætur hönnuðu. Margt var góðra gesta en meðal þeirra sem fögnuðu með hjónunum voru skáldið Jón Atli Helgason, turtildúfurnar Hrefna Björk Sverrisdóttir og Magnús Scheving og útvarpsmaðurinn Frosti Logason. Hljómsveitin GusGus sá síðan um að halda uppi fjörinu langt fram eftir kvöldi.



Með þeim bestu

Fatahönnuðurinn Steinunn Sigurðardóttir var meðal listamanna á Nordic Knitathon á Þjóðminjasafni Skotlands um helgina. Á Nordic Knitathon var áherslan á fremstu þrjónalistamenn Skandinavíu og Skotlands en auk Steinunnar sýndu þrjónatvöykjöld Arne og Carlos frá Noregi, Maiken Espensen frá Danmörku og Brora frá Skotlandi listir sínar. Ásamt því að sýna þrjónalistaverk sín hélt Steinunn stutt námskeið í gær þar sem hún sýndi þrjónataktana. Steinunn var fyrsti Íslendingurinn til að útskrifast úr listaháskólanum Parsons School of Design í New York og starfaði meðal annars sem yfirhönnuður hjá Guccí og Calvin Klein. Árið 2000 stofnaði hún síðan sitt eigið fyrirtæki, STEINUNNI.



Mest lesið **vísir**

- 1 Sjáðu bardaga Gunnars með íslenski lýsingu | Myndband
- 2 Gunnar hengdi Cummings í 2. lotu
- 3 Fékk tæplega 24 milljarða í bætur frá tóbaksfyrirtæki
- 4 Gunnar: Suma þarf að brjóta niður rólega
- 5 Gunnar: Maður beið eftir að þaki myndi fjúka af

KitchenAid
 THE MORE YOU USE IT
 THE BETTER IT LOOKS

95th Anniversary 1964-2014
Einvar Farestveit & Co. hf.
 Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

THE Dr. BREUS BED

- EINU RÚMIN SEM ERU HÖNNUÐ AF SVEFNLÆKNI

2014 LÍNAN ER KOMIN!

- ÞAÐ ALLRA NÝJASTA Í HEILSURÚMUM

DR. MICHAEL BREUS PhD - OFT KALLAÐUR DR. SVEFN

Dr. Michael J. Breus er sálfræðingur sem hefur sérhæft sig í svefni. Hann er með diplóma frá The American Board of Sleep Medicine and Fellow of The American Academy of Sleep Medicine. Hann sérhæfir sig í svefmröskunum. Hann er einn af einungis 163 einstaklingum í heiminum með þessa menntun.

Dr. Breus er höfundur bókana The Sleep Doctor's Diet Plan: Lose Weight Through Better Sleep and GOOD NIGHT: The Sleep Doctor's 4 week Program to Better Sleep and Better Health hefur fengið stórglæsilega dóma og heldur áfram að breyta lífi lesenda til hins betra. Sú bók er á lista yfir 100 mest seldu bækur á Amazon.

Dr. Breus er hönnuður og framleiðandi The Dr. Breus Bed, en það eru fyrstu og einu rúmin sem hönnuð eru af svefnlækni. Hann hannar og framleiðir rúm í samstarfi við King Koil.

Þín svefn - Þín heilsa - Þitt líf

Fáðu meiri upplýsingar um Dr. Breus og rúmin hans á www.rekkjan.is



The Dr. Breus Bed®

20 ÁRA
 ABYRGO

comfort solutions.
 never stop dreaming™

Rúmin frá Dr. Breus eru hönnuð eftir fjórum grundvallarreglum:

1. Stöðugt og rétt hitastig

Dýnmar innihalda einstakt efni sem kallað er TempSense. Efnið er einungis að finna í rúmunum frá The Dr. Breus Bed línunni. Efnið viðheldur jöfnum hita í efsta lagi dýnunnar alla nóttina.

2. Þrýstijöfnun

Með því að finna enga álagspunkta er auðveldara fyrir fólk að ná djúpsvefni, blóðflæði um líkamann er eðlilegt og fólk hættir að rjúfa svefn og vakna á nóttunni.

3. Fullkomin slökun

Mikilvægt er að dýnan sé svæðaskipt þannig að hún gefur eftir á réttum stöðum. Þannig liggur fólk beint í rúminu og vöðvar fá fullkomna slökun.

4. Engin hreyfing í dýnunni

Margir glíma við það vandamál að maki er að bylta sér í rúminu með þeim afleiðingum að fólk rýfur svefn og vaknar. The Dr. Breus Bed eru hönnuð þannig að þótt einhver sé að bylta sér í rúminu, eða setjast á það þá finnst lítil sem engin hreyfing á öðrum svæðum dýnunnar.

CONTINUITY (Queen Size 153x203 cm)

NÚ MED 20% KYNNINGARAFSLÆTTI

Verð áður 297.400 kr. **VERÐ NÚ 237.920 kr.**



rekkjan

HEILSURÚM